



Þingskjal nr. 1

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingar á lögum Landssambands hestamannafélaga.

[Skýringar: Rautt yfirstrikað fellur brott, grænt er nýr texti]

1.1 ~~Skipulag~~ Almenn ákvæði

Um starfsemi LH, keppni á vegum LH eða aðildarsamtaka og önnur verkefni sem LH sinnir, gilda lög LH, reglugerðir og reglur settar með stoð í lögnum.

1.1.1 Nafn-heimili-aðild

Samtökin heita LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA skammstafað LH. Þau eru æðsti aðili innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) um alla þætti hestaíþróttar og málefni þeim tengdum.

Heimili og varnarþing samtakanna er í Reykjavík.

Öll félög innan ÍSí sem leggja stund á hestaíþróttir, þ.e. hestamannafélög eru aðilar að LH, með aðild að hlutaðeigandi héraðssambandi /íþróttabandalagi.

1.1.2 Tilgangur og markmið

LH er æðsti aðili hestaíþróttar á Íslandi. Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSí, er ~~það í verkahring LH~~ hlutverk LH í meginatriðum:

- að stuðla að, styðja og efla hefðbundna almenna ástundum, keppni, æfingar og þjálfun hesta og líkamlega þjálfun, heilsurækt og menntun knapa þeirra í samræmi við lög þessi og lög ÍSí. Skal velferð hestsins ávallt höfð í forgrunni við alla almenna ástundun og í öllum hestaíþróttum;
- að hafa yfirstjórn mála sem varða hestaíþróttir;
- að vinna að eflingu hestaíþróttar í landinu;
- að sinna hagsmunamálum sem tengjast hestaíþróttum svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngu- og ferðamála, og landnýtinga- og umhverfismála;

~~Önnur markmið eru m.a.:~~

- að hafa yfirstjórn og vinna að eflingu hestamennsku m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi;



- að vera málsvari hestamanna jafnt innanlands sem erlendis;
- að eiga samstarf við önnur samtök er sinna hagsmunamálum hestamanna, svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngumála, ferðamála, landnýtingar og umhverfismála á vegum ríkis og sveitarfélaga;
- að koma fram gagnvart opinberum aðilum;
- að vinna að stofnun nýrra sérráða og starfshópa;
- að sjá um að til staðar séu setja nauðsynlegar reglur um keppni í hestaíþróttum
- að halda utan um menntun, löggildingu, endurmenntun og úthlutun dómara;
- að ráðstafa landsmótum og staðfesta met;
- að vera fulltrúi hestaíþróttanna gagnvart erlendum aðilum og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur þar sem það á við;

LH starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnsmál og trúarbrögð. LH skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Skulu allir vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum LH og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynpáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

LH skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ og FEIF. Lög, reglur og ákvarðanir LH eru bindandi fyrir alla félagsmenn LH, svo sem, keppendur, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá sem starfa innan vébanda aðildarfélaga LH.

Nánari skilgreining um tilgang og markmið hljóti staðfestingu landsþings.

[ný grein]:

1.2 Aðild að samtökum

LH er aðili að:

- Íþróttá – og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ)
- International Federation of Icelandic Horse Associations (FEIF)
- Fédération Équestre Internationale (FEI)

[ný grein]:

1.3 Aðild að LH

1.3.1 Réttur til aðildar

Öll félög innan ÍSÍ er iðka og keppa í hestaíþróttum eru aðilar að LH.

1.3.2 Réttindi og skyldur aðildarfélaga



Sérhvert aðildarfélag skal hafa rétt til þátttöku félagsmanna sinna í skipulögðum mótum á vegum LH, enda uppfylli það þátttökuskilyrði samkvæmt lögum þessum og reglugerðum LH.

Aðildarfélagi er skylt að virða lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir sem settar eru eða teknar af LH eða FEIF.

Hestamannafélagi, sem tekur þátt í mótum þar sem keppt er eftir reglum LH, ber að sjá til þess að keppendur, þjálfarar, starfsmenn og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir LH og FEIF. Hestamannafélagi, sem tekur þátt í mótum þar sem keppt er eftir reglum LH, er í hvívetna skylt að virða ákvarðanir stjórnar LH, nefnda LH og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

Aðildarfélag skal senda LH upplýsingar um stjórnir félaganna á hverjum tíma innan viku frá því að breyting á sér stað.

Aðildarfélögum er skylt að færa bókhald og semja ársreikning sbr. lög um bókhald og kröfur ÍSÍ

Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, koma í veg fyrir lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnmalaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum.

Sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu keppenda, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda LH og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum LH.

Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita móta. Aðilum sem falla undir lög þessi og taka þátt í mótum þar sem keppt er eftir reglum LH er óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin keppni og eigin mót. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.

1.4 Stjórnun [áður gr. 1.2]

1.2.1 Stjórnunaraðilar

~~Málefnum LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA er stjórnað af:~~

- Landsþingi LH
- Stjórn LH

1.4.1 Stjórnkerfi LH og hlutverk:

- Landsþing LH fer með æðsta vald um málefni LH og setur lög þess.
- Stjórn LH fer með æðsta vald um málefni LH á milli landsþinga og setur reglugerðir/reglur og framfylgir þeim.
- Fastanefndir sem vinna samkvæmt lögum og reglum LH og vinna að þeim verkefnum sem undir þær heyra á hverjum tíma og til þeirra er vísað
- Nefndir sem stjórn er heimilt að skipa milli landsþinga um tímabundin og afmörkuð verkefni.



1.4.2 Landsþing [áður gr. 1.2.2]

Landsþing fer með æðsta vald í málefnum LH.

[áður 4. mgr. Gr. 1.2.2] Landsþingið skal haldið háð annað hvert ár í október- eða nóvembermánuði. Skal boða það bréflaga á sannanlegan hátt með minnst 8 vikna fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.

Þingið sitja fulltrúar frá hestamannafélögum í landinu.

Fulltrúafjöldi fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.

Aðeins sá sem er í hestamannafélagi er kjörgengur fulltrúi viðkomandi sérráðs aðildarfélags eða héraðssambands á landsþingi LH. Það er jafnframt skilyrði fyrir kjörgengi að viðkomandi hestamannafélag sé í skilum með gjöld til LH.

[áður 3. mgr. Gr. 1.4.3] Stjórn LH skipar kjörnefnd þriggja manna eigi síðar en 2 mánuðum fyrir landsþing hverju sinni. Kjörnefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, endurskoðanda, þingnefndir og formenn þingnefnda.

[áður 4. mgr. Gr. 1.4.3] Kjörnefnd skal gera tillögu til stjórnar LH um skipun kjörbréfanefndar eigi síðar en 2 vikum fyrir landsþing hverju sinni. Hlutverk kjörbréfanefndar er fyrst og fremst að fylgja eftir gr. 1.4.3 í lögum LH.

[Ný grein] Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og hafa fulltrúar atkvæðisrétt samkvæmt kjörbréfum er þingið hefur samþykkt þau. Kjörbréf skulu send til aðildarfélaga þremur (3) vikum fyrir þing og skulu aðildarfélög skila inn kjörbréfum útfylltum til skrifstofu LH viku fyrir þing. Félögum er heimilt að skila kjörbréfum með rafrænum hætti.

[Ný grein] Reglur LH um íþróttakeppni (Í) og Almennar reglur um keppni (A) byggja á alþjóðareglum FEIF, sem LH er aðili að. Allar breytingartillögur á reglum LH um íþróttakeppni og Almennum reglum um keppni skulu skoðaðar sem ályktunartillögur til landsþings. Þær ályktunartillögur sem samþykktar eru á landsþingi, skulu bornar upp af fulltrúum LH á næsta reglulega ársþingi FEIF.

Allar breytingartillögur á keppnisreglum skulu berast keppnisnefnd LH og laganefnd LH hið minnsta 3 mánuðum fyrir upphaf landsþings 1. september á landsþingsári. Tillögurnar skulu sendar skrifstofu LH sem aftur kemur þeim á viðkomandi nefndir og bókar móttökudag þeirra. Keppnisnefnd og laganefnd skulu fara yfir tillögurnar, kosti þeirra og galla og veita umsögn sína um þær, séu þær þingtækar. Skal sú umsögn fylgja tillögnum inn á landsþing. Við meðferð tillagnanna afla nefndirnar sér þeirra upplýsinga sem þarf, kalla til aðila og veita síðan vandaða umsögn um tillöguna.

Landsþingi skal stýrt eftir almennum þingsköpum.

Landsþing er lögmeitt ef löglega hefur verið til þess boðað.



1.4.3 Atkvæðisréttur á landsþingi [áður gr. 1.2.3]

Á landsþinginu hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði.

Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá að sækja þingið, getur landsþingið heimilað að fulltrúi fari með fleiri en eitt atkvæði, en aðeins með atkvæði þess félags sem hann er fulltrúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra félaga, sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboðið, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en tvö atkvæði.

Fulltrúum er skylt að starfa með nefndum skv. nánari ákvörðun þingsins, en hafa einungis atkvæðisrétt í einni nefnd þingsins.

Auk kjörinna fulltrúa eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn LH, varastjórn, framkvæmdastjóri og endurskoðandi og skoðunarmenn
- Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ
- Fulltrúi héraðssambanda/íþróttabandalaga
- Formaður/fulltrúi nefnda LH
- Formaður/fulltrúi GDLH og HÍDÍ
- Formaður/fulltrúi Járningamannafélag Íslands
- Formaður/fulltrúi Félags tamningamanna

Auk þess getur stjórn LH boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

- Þingsetning
- Kosning þingforseti, varaþingforseti, þingritari og varaþingritari.
- Kjör þingnefnda:
 - Fjárhagsnefnd (fimm menn)
 - Allsherjarnefnd (fimm menn)
 - Æskulýðsnefnd (fimm menn)
 - Keppnisnefnd (fimm menn)
 - Kynbótanefnd (fimm menn)
 - Ferða-og umhverfisnefnd (fimm menn)
 - Aðrar nefndir skv. ákvörðun þingsins.
- Lögð fram skýrsla stjórnar.
- Lagðir fram reikningar sambandsins til samþykktar. Skulu reikningarnir settir upp og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af skoðunarmönnum. Þá skal á landsþingi gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 - 9 mánuði ársins, sem er að líða.
- Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til tveggja ára.
- Lagðar fram tillögur og mál sem borist hafa og lögð verða fyrir þingið.
- **Þinghlé**
- Þingnefndir skila störfum, umræður og atkvæðagreiðsla.
- Kosning stjórnar, varastjórnar og tveggja skoðunarmanna löggilts endurskoðanda.
- Kosning fulltrúa á íþróttþing ÍSÍ, eða borin fram tillaga um að vísa til stjórnar vali á fulltrúum á íþróttþing (með samþykki 4/5 þingfulltrúa)



- Önnur mál.
- Þingfundargerð lesin og staðfest, eða þingforseta og riturum falin frágangur hennar.
- **Þingslit**

Skýrslu LH, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum LH innan tveggja mánaða frá þingslitum.

1.4.5 Atkvæðagreiðsla

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingu sé að ræða; þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa.

Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum.

1.4.6 Kosning stjórnar

[áður gr. 1.4.1] Kjörgengir í stjórn eru allir félagar í hestamannafélögum sem eru aðilar að LH. Tilkynning um framboð til embættis formanns eða til stjórnar LH skal berast kjörnefnd minnst hálfum mánuði fyrir landsþing LH. Sitjandi formaður, aðrir stjórnarmenn og varamenn skulu tilkynna kjörnefnd hvort þeir gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa, minnst fjórum vikum fyrir landsþing LH. Kjörnefnd er heimilt að samþykkja framboð sem koma fram síðar, enda hafi ekki komið fram nægur fjöldi frambjóðenda.

[ný málsgrein] **Frambjóðendur til embætta sem ekki hljóta kosningu geta á sama þingi gefið kost á sér til annarra embætta.**

[áður gr. 1.4.1] Til þess að ná kjöri sem formaður LH þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný um þá tvo sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða.

[áður gr. 1.4.1] Kosningar til formanns og stjórnar skulu vera leynilegar og skriflegar nema frambjóðendur séu jafn margir og kjósa skal. Kosning skal vera bundin við þá sem gefið hafa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafn margir og kjósa á.

[áður gr. 1.2.4] Fáir fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

1.4.7 Aukabing [áður gr. 1.2.5]

Aukabing skal halda þegar einn þriðji sambandsaðila óskar þess eða stjórn LH telur það nauðsynlegt.

Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukabings má hafa styttri en til reglulegs þings, þó ekki skemmri en 10 daga.

Fulltrúar á aukabingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem hættur er í félaginu eða forfallast á annan hátt.



Á aukapingi má ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt landsþing.

1.5 Formannafundur aðildafélaga

1.5.1 Boðun formannfunda

Stjórn LH skal boða til formannafundar í október **eða nóvember**, árið milli landsþinga. Formannafundur skal boða með minnst mánaðar fyrirvara. Dagskrá skal kynnt eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund.

1.5.2. Hlutverk og seturéttur

Formannafundur er ráðgefandi fyrir stjórn LH. Seturétt eiga eftirtaldir:

- Stjórn og varastjórn LH
- Formaður og **tveir fulltrúar** ~~/fulltrúi~~ allra aðildarfélaga LH
- Formaður/fulltrúi starfsnefnda LH
- Formaður/fulltrúi Gæðingadómarafélagsins, Hestaípróttadómarafélagsins, **og** Járningamannafélags Íslands **og Félags tamningamanna**

Skylt er að boða til formannafundar ef helmingur formanna aðildarfélaganna óskar þess skriflega.

1.5.2 Dagskrá formannafundar

Formannafundir fjalla meðal annars um:

- Málefni LH milli landsþinga
- Reikninga síðastliðins rekstrarárs
- 8 mánaða uppgjör reikninga ársins
- Endurskoðaða rekstraráætlun og rekstraráætlun næsta árs
- Skýrslur stjórnar og starfsnefnda

Á formannafundum má ekki gera breytingar á lögum LH né kjósa stjórn.

1.6 Stjórn

Stjórn LH fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórnin skal skipuð sjö mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Varastjórn skal skipuð fimm mönnum og taka þeir sæti í aðalstjórn í samræmi við atkvæðahlutfall. Kjörtímabil er til tveggja ára.

Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Sérstakan ráðningarsamning skal gera í hverju tilviki. **og skal hann ávallt vera tímabundinn.**

Reikningsár LH er almanaksárið.

Stjórn LH skal að jafnaði funda mánaðarlega en er þó heimilt að fella niður fundi yfir sumarmánuði.

Formaður boðar stjórnarfund og stýrir þeim. Skylt er að halda stjórnarfund ef þrír stjórnarmenn óska þess. Ef aðalmaður getur ekki mætt skal kalla varamann í hans stað. Stjórnarfundur er lögmætur ef fjórir stjórnarmenn eru mættir, þar af formaður eða varaformaður.



Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Einnig geta aðrir starfsmenn LH setið stjórnarfundum eftir ákvörðunum stjórnar.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti ef fjallað er um málefni sem valda því að draga megi óhlutdrægni þeirra með réttu í efa.

Fundargerðir stjórnar skal birta á heimasíðu LH.

Stjórn LH skal setja sér starfsreglur, m.a. um ákvarðanatöku, boðun og stjórnun funda.

[áður í gr. 1.4.1] Á fyrsta stjórnarfundum að afloknu landsþingi LH skal stjórn LH skipta með sér verkum, kjósa varaformann, ritara og gjaldkera úr hópi stjórnarmanna.

1.6.1 Starfssvið stjórnar [áður gr. 1.4.2]

Starfssvið stjórnar LH er meðal annars að:

- Framkvæma ályktanir landsþingsins
- Fylgja eftir framtíðarsýn ályktunum formannafunda
- Sjá um að samdar séu leikreglur og reglugerðir um keppni ofl. og annast birtingu þeirra
- Uppfæra lög, reglur og reglugerðir í samræmi við samþykktar breytingar landsþings og eftir atvikum í samræmi við breytingar á alþjóðareglum sem LH er bundið af
- Senda ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar
- Birta aðildarfélögum fundargerðir stjórnar LH
- Líta eftir því að lög, reglur og reglugerðir LH séu haldin og skal stjórn LH heimilt að vísa málum til Úrskurðar- og aganefndar LH vegna brota á lögum, reglum og reglugerðum LH í allt að 1 ár frá því að atvik átti sér stað eða frá lokum þess móts sem við á
- Staðfesta met
- Koma fram erlendis fyrir hönd hestaíþróttarinnar í landinu
- Skipa nefndir skv. grein 1.6.2 og hafa eftirlit með störfum þeirra

1.6.2 Stjórnskipaðar nefndir [áður gr. 1.4.3]

Á fyrstu stjórnarfundum eftir landsþing skipar stjórnin í eftirfarandi fastanefndir, sem hver skal skipuð a.m.k. þremur mönnum (sjá nánar skipurit og reglugerðir nefnda). Hlutverk nefndanna er að vinna með stjórninni milli þinga að þeim málefnum sem hverri nefnd tilheyrir og jafnframt leyfa umsagnir fagaðila:

- Úrskurðar- og aganefnd
- Dómaranefnd
- Ferða- Reiðvega- og samgöngunefnd
- Keppnisnefnd
- Laganefnd



- Landsliðs- og afreksnefnd
- Mannvirkjanefnd
- Menntanefnd
- Æskulýðsnefnd

Aðrar nefndir ef stjórnin telur þörf á. Stjórn LH setur nefndum starfsreglur.

1.7 Fjármál

1.7.1 Tekjur og gjöld LH

Tekjur LH eru:

- Fjárframlög frá ÍSí.
- Árgjald fyrir hvern skráðan félagsmann í hestamannafélagi innan LH. Fjárhæð árgjaldsins skal ákveðin á hverju landsþingi en innheimta þess miðast við félagatal í starfsskýrsluskilum, 15. apríl ~~janúar~~ þess árs sem gjaldið er innheimt fyrir. Gjald dagar árgjalds skal ~~skulu~~ vera ~~tveir, 15. maí og 15. september~~ 1. júní ár hvert. ~~Dráttarvextir skulu reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.~~
- Fjárframlög opinberra aðila.
- Fjárframlög fyrirtækja, einstaklinga og stofnana.
- Aðrar tekjur.

Gjöld LH afmarkast af:

- Fjárhagsáætlun
- Samþykktum stjórnar

[ný grein]

1.8 Keppni í hestaíþróttum

Um keppni í hestaíþróttum gilda lög, reglugerðir og reglur LH, reglur alþjóðasamtaka FEIF og eftir því sem við á lög og reglur ÍSí. Ísland hefur verið aðili að alþjóðasamtökum FEIF frá 1969 og hefur líkt og önnur aðildarfélög FEIF skuldbundið sig til að hlíta lögum og reglum FEIF við framkvæmd íþróttakeppni í hestaíþróttum.

[áður gr. 3.1 í reglugerð um almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar]

Keppnistímabilið er almanaksárið. Keppnistímabil í reglum þessum þýðir hvert byrjað keppnistímabil þar sem það á við. Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga á Íslandi er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda ÍSí. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn er þeir hafa verið einn mánuð á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.



[ný grein]

1.9 Reglur um úrlausn ágreiningsmála

Yfirdómnefnd, Úrskurðar- og aganefnd og Dómstólar ÍSÍ skulu hafa lögsögu vegna allra brota á lögum og reglum LH og skulu ákvarðanir þeirra vera endanlegar að því marki sem valdsvið þeirra nær.

Enginn sá sem hefur einhver tengsl eða hefur einhverra hagsmuna að gæta, skal taka þátt í ákvarðanatöku varðandi úrskurðar- eða agamál.

[Áður gr. 2.8.8 í agareglum] Sjái Yfirdómnefnd eða Úrskurðar- og aganefnd ástæðu til að kalla börn eða unglinga fyrir sig, vegna meintra brota á lögum og reglum LH, skal hún jafnframt kalla til sín foreldra eða forráðamann viðkomandi, þeim til halds og trausts.

1.9.1 Yfirdómnefnd

Á öllum mótum starfar yfirdómnefnd sem ákvarðar um brot á reglum og reglugerðum LH. Yfirdómnefnd starfar samkvæmt reglum um yfirdómnefnd [gr. 1.1 (Yfirdómnefnd) í reglum um Úrskurðarnefndir og dómstól ÍSÍ. Um skipan yfirdómnefndar, frest til að leggja fram kæru, framkvæmd og meðferð kærumála og heimild til að skjóta ákvörðunum yfirdómnefndar til Úrskurðar- og aganefndar vísast til greinar 1.1 (Yfirdómnefnd) í reglum um Úrskurðarnefndir og dómstól ÍSÍ.

Stjórn LH er heimilt að setja reglur um Yfirdómnefnd þar sem nánar er kveðið á um málsmeðferð fyrir yfirdómnefnd.

1.9.2 Úrskurðar- og aganefnd

Úrskurðar- og aganefnd LH skal skipuð þremur aðalmönnum og tveimur til vara. Formaður skal vera löglærður. Stjórn skipar nefndamenn að loknu landsþingi til tveggja ára í senn.

Nefndin starfar samkvæmt úrskurðar- og agareglum LH og skulu a. m. k. þrír nefndarmenn taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.

Úrskurðar- og aganefnd úrskurðar um brot á lögum þessum, reglugerðum og reglum LH og ákvarðar viðurlög, í samræmi við reglur Úrskurðar- og aganefndar. Einnig er heimilt að kæra til Úrskurðar- og aganefndar ákvarðanir yfirdómnefndar, að því marki sem þær eru ekki háðar endanlegu ákvörðunarvaldi Yfirdómnefndar.

Um hæfi þeirra sem skipa Úrskurðar- og aganefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í Úrskurðar- og aganefnd skulu ekki sitja í stjórn LH.

Stjórn LH er heimilt að skjóta til Úrskurðar- aganefndar öllum málum sem varðar brot á lögum LH, og reglugerðum og reglum sem settar eru með stoð í lögum LH. Sé nefndarmaður í Úrskurðar- og aganefnd jafnframt stjórnarmaður í aðildarfélagi LH skal hann víkja sæti við meðferð máls sem snertir félagsmann þess félags.

Stjórn LH er heimilt að setja nánari reglur um Úrskurðar- og aganefnd LH, þar sem nánar er kveðið á um málsmeðferð, verkefni, kærumálskostnað og starf nefndarinnar.

Ákvarðanir Úrskurðar- og aganefndar eru kærnanlegar til Dómstóls ÍSÍ.



1.9.3 Dómstólar ÍSí [áður gr. 1.6.1]

Dómstólar ÍSí hafa fullnaðarlögsögu í málefnum sem upp kunna að koma innan LH. Dómstólarnir starfa skv. lögum um dómstóla Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

1.10 Ýmislegt [áður gr. 1.6]

~~[áður gr. 1.6.2 Aðgengi stjórnar að mótum]~~

~~Stjórn LH hefur frjálstan aðgang að öllum hestamannamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda sambandsins.~~

1.10.1 Kjör heiðursfélaga [áður gr. 1.6.3]

Heiðursfélaga LH má stjórn kjósa ef hún er einhuga um það.

1.10.2 Að leggja samtökin niður [áður gr. 1.6.4]

Tillögur um að leggja LH niður má aðeins taka fyrir á lögmætu landsþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þurfa minnst 3/4 viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa að greiða henni atkvæði.

Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja LH niður. Skal þá afhenda ÍSí eignir þess til varðveislu.

1.10.3 Gildistaka [áður gr. 1.6.5]

Lög þessi öðlast þegar gildi en jafnframt er nauðsynlegt að leggja þau fyrir framkvæmdastjórn ÍSí til staðfestingar, sbr. lög ÍSí.

[Ný málsgrein]

1.10.4 Breyting á lögum þessum, reglum og reglugerðum

Lögum LH verður aðeins breytt á landsþingi samkvæmt reglum þar um, einnig er ávallt heimilt á landsþingi að breyta þeim reglum og reglugerðum sem settar eru með stoð í lögum LH, enda fylgi slíkar breytingartillögur lögum LH.

Allar breytingar á lögum, reglum og reglugerðum skulu birtar á vef LH. Stjórn LH ber ábyrgð á því að kynna þær breytingar sem gerðar eru á lögum, reglum og reglugerðum hverju sinni.

Stjórn LH er heimilt á milli landsþinga að breyta reglum og reglugerðum um keppni í hestaíþróttum í samræmi við tillögur keppnisnefndar LH. Þá er stjórn LH ávallt heimilt að uppfæra reglur um íþróttakeppni og almennar reglur um keppni í samræmi við birtar breytingar á alþjóðareglum FEIF.

Reglugerð eða reglur stjórnar LH, sem samþykktar eru af stjórn sambandsins með heimild í gr. 1.10.4 laga þessara, og innihalda ákvæði sem leggja fjárhagslegar kvaðir á aðildarfélög, skulu ekki taka gildi fyrr en að fengnu samþykki landsþings.



Greinargerð

Breytingartillaga þessi á lögum LH er unnin með hliðsjón af lögum annarra sérsambanda innan ÍSÍ og ýmsum greinum bætt inn sem eru hliðstæðar reglum sem önnur sérsambönd hafa í sínum lögum.

Um 1.1 Gr.

Í 1.1 Gr. er fjallað um almenn ákvæði sambandsins og tilgang og markmið. Skerpt er á skilgreiningum á hlutverki sambandsins, að sambandið hafi yfirumsjón með hestaíþróttum í landinu, skylda sambandsins til að efla hestaíþróttir og að LH haldi utan um menntun og úthlutun dómara. Í samtölum stjórnar LH við stjórnir hestamannafélaganna í landinu á árinu kom fram skýr samhljómur aðildarfélaganna um að LH bæri að taka ábyrgð á dómaramálum á mótum aðildarfélaga. Ákvæði um dómara í lögum LH er stöð nýrrar reglugerðar um dómara sem lögð er fyrir þingið og verður þar með hluti af reglugerðum um mótahald á Íslandi.

Fjallað er um hlutleysi LH og jafnræðisskyldu gagnvart stjórnarmálaskoðunum, trúarbrögðum og minnihlutahópum.

Í gr. 1.3. er nýr kafli um skyldur aðildarfélaga en engin ákvæði voru í lögum LH um þær skyldur.

Í gr. 1.4.1 er fjallað um stjórnunarstrúktúr sambandsins, og valdsvið landsþings, stjórnar, fastanefnda og starfshópa.

Í grein 1.4.2 um landsþing hefur verið bætt inn málsgrein um hvernig skuli háttá skilum á kjörbréfum og einnig grein um hvernig skuli fara með breytingatillögur á keppnisreglum, byggðar á reglum FEIF, á landsþingi.

Öllum ákvæðum um „skoðunarmenn“ reikninga hefur verið breytt í „lögildan endurskoðanda“ og er það gert til að koma til móts við stóraukið fjárhagslegt umfang og færa eftirlit með reikningshaldi og fjárreiðum sambandsins til nútímalegra horfs.

Í grein 1.4.6 um kosningu til stjórnar er bætt við ákvæði um að hljóti frambjóðandi ekki kosningu til þess embættis sem hann býður sig fram í geti hann á sama þingi gefið kost á sér til annarra embætta, sem eftir er að kjósa til. Til dæmis gæti þannig frambjóðandi til formanns sem ekki hlýtur kosningu til þess embættis, ákveðið að bjóða sig fram í stjórn eftir að niðurstöður formannskjörs liggja fyrir, en lögin hafa ekki boðið upp á þennan möguleika.

Í grein 1.6 um stjórn hefur verið skerpt á starfssviði stjórnar og verklagi á stjórnarfundum.

Í grein 1.6.1 (um starfssvið stjórnar) er skerpt á ábyrgð stjórnar að uppfæra lög og reglur í samræmi við samþykktir landsþings og FEIF-þings og skyldu stjórnar til að kynna breytingar fyrir aðildarfélögum. Einnig er ákvæði um heimild stjórnar til að vísa brotum á lögum og reglum sambandsins til Úrskurðar- og aganefndar í allt að eitt ár frá því að atvik átti sér stað, en skv dómi ÍSÍ (9/2020 og 10/2020) hafði stjórn enga slíka heimild, í lögum sambandsins.

Í grein 1.7 er lagt til að gjalddagar árgjalds aðildarfélaga verði einn á ári, í stað tveggja nú, 1. júní ár hvert og skal miða við félagatal við starfsskýrsluskil félaganna 15. apríl, ár hvert.



Í grein 1.8 er verið að skerpa á því að LH er bundið af lögum og reglum FEIF hvað varðar íþróttakeppni í hestaíþróttum.

Grein 1.9 er nýr kafli um úrlausn ágreiningsmála sem gefur lagastoð fyrir nýrri reglugerð um Úrskurðarnefndir og dómstóla ÍSÍ sem lögð er fyrir þingið, til samþykktar. Fjallað er um hlutverk og valdsvið annars vegar Yfirdómnefnda og hins vegar Úrskurðar- og aganefndar.

Grein 1.10.4 fjallar um breytingar á lögum, reglum og reglugerðum LH. Lögum LH verður aðeins breytt á landsþingi LH, en landsþing hefur einnig heimild til að breyta reglum og reglugerðum sem settar eru með stoð í lögum LH. Breytingar á almennum reglum um keppni og reglum um íþróttakeppni skal stjórn uppfæra í samræmi við breytingar sem gerðar eru á regluverki FEIF á hverju ári.

Stjórn er veitt heimild, á milli þinga, til að gera breytingar á reglum og reglugerðum í hestaíþróttum til samræmis við tillögur keppnisnefndar LH og er það til samræmis við lög stærstu sérsambanda innan ÍSÍ, þar sem stjórnir sambandanna hafa heimild til að breyta og uppfæra reglur og reglugerðir á milli þinga. Upp hafa komið mál þar sem brýnt hefur verið að gera lagfæringar á regluverki sem reynist virka illa, en nauðsynlegar breytingar hafa þurft að bíða næsta landsþings eða í allt að tvö ár.



Þingskjal nr. 2

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir nýja framsetningu á lögum og reglum/reglugerðum Landssambands hestamannafélaga.

Lög, reglur og reglugerðir LH verða eftirfarandi:

- 1 LÖG LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA (LH)
- 2 REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT
- 3 REGLUGERÐ UM LANDSMÓT
- 4 REGLUGERÐ UM MÓTAHALD Á ÍSLANDI
 - a. Flokkaskipting og keppnisgreinar í aldursflokkum
 - b. Þátttöku og keppendareglur
 - c. Dómarar í hestaþróttum
 - d. Úrskurðarnefndir og dómstóll ÍSÍ
 - e. Séríslenskar keppnisreglur

ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI (A)

REGLUR UM ÍPRÓTTAKEPPNI (Í)

REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI (GK)

REGLUR UM GÆÐINGAFIMI (GF)

REGLUR UM FIMIKEPPNI Í YNGRI FLOKKUM (FY)

REGLUR UM HINDRUNARSTÖKK Í YNGRI FLOKKUM (H)

Greinargerð:

Segja má að með þessari breyttu uppsetningu sé lögum og reglugerðum í raun skipti í þrennt.

Í fyrsta lagi eru Lög LH sem einungis er hægt að breyta á landsþingum og þarf 2/3 hluta atkvæða til að samþykkja breytingar við þær.

Í öðru lagi er eru það reglugerðir um landsmót, Íslandsmót og mótahald á Íslandi. Undir reglugerð um mótahald á Íslandi eru reglur um flokkaskipti, aldursflokka, félagskipti, reglur um innanhússmót, reglur um kæru og úrskurðarmál og reglur um dómara.



Í þriðja lagi eru það reglur um einstaka keppnisgreinar. Í fyrsta lagi eru það reglur um íþróttakeppni, en þær fylgja regluverki FEIF sem LH hefur ákveðið að fylgja og hefur ekki heimild til að breyta, LH getur þó sett íslenskar sérreglur sem ganga lengra en FEIF-reglurnar. Reglum um íþróttakeppni er til samræmis við reglur FEIF skipt upp í tvö kafla í lögnum, annarsvegar kafla (A) (ALMENNAR REGLUR UM KEPPNI) sem hefur að geyma almennar reglur sem gilda um keppni á íslenskum hestum. Þessi kafli hefur m.a. að geyma siðarreglur reglur um leyfilegan búnað (hnakkar, beisli, járningar o.fl.), reglur um löglega keppnisvelli o.fl. og hinsvegar kafla (Í) (REGLUR UM ÍÞRÓTTAKEPPNI). Í öðru lagi eru það reglur um gæðingakeppni og aðrar keppnisgreinar svo sem gæðingafimi ofl. sem lúta íslenskum reglum. Engar efnislegar breytingar voru gerðar á þessum reglum, utan þess að tilvísunum til einstakra greina var breytt.

Með þessari uppsetningu er verið að aðlaga regluverk LH um íþróttakeppni að regluverki FEIF. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða á almennum reglum um íþróttakeppni eða íþróttakeppnisreglum heldur einungis verið að setja reglurnar upp eins og FEIF gerir, samræma númeraröð, samræma orðalag og þýða greinar sem áður voru óþýddar og þykir ástæða til að þýða. Tekin var sú ákvörðun að vísa einungis í reglur um kynbótasýningar enda heyra kynbótasýningar á Íslandi undir Búnaðarsamband Íslands.

Íþróttakeppnisreglur og almennar keppnisreglur eins og þær voru í lögum og reglum LH, voru upprunalega þýddar úr reglum FEIF sem kölluðust FIPO-reglur. FEIF lagði í vinnu við endurgerð á regluverki sínu árið 2015 og síðan þá hafa FIPO reglur ekki verið til en víða í okkar reglum var enn verið að vísa í gömlu FIPO-reglurnar.

LH hefur tekið upp breytingar sem FEIF gerir á keppnisreglum en vegna misræmis í tölusetningu á greinum bar nokkuð á því að reglur stönguðust á, vegna þess að þeim hafi verið breytt á einum stað en ekki öðrum og hefur þetta valdið nokkrum vandræðum í gegnum tíðina. Svona misræmi er núna verið að hreinsa upp.

Íslenskum sérreglum hefur verið safnað saman á einn stað í reglugerð um mótahald á Íslandi. Þ.m.t. reglur um aldursflokka, styrkleikaflokka, agareglur, félagaskipti og aðrar íslenskar sérreglur um mótahald. Örfáar sérreglur eru þó enn í reglugerð um íþróttakeppni þar sem við á, en þá eru það reglur sem ganga lengra en FEIF-reglurnar.

Verði tillagan samþykkt verður það hlutverk stjórnar að setja upp lög og reglugerðir til birtingar á vef, leiðrétta tilvísanir á milli reglugerða, ljúka þýðingum á köflum sem á eftir að þýða úr keppnisreglum FEIF og birta á vef LH.

Fylgiskjöl með tillögu þessari eru:

I. Lög og reglur LH 2021, með vísan í greinar í nýrri uppsetningu

II. Almennar keppnisreglur og reglur um íþróttakeppni – ný uppsetning til samræmis við FEIF reglur



Þingskjal nr. 3

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir reglugerð um agamál er verði hluti af nýrri reglugerð um mótahald á Íslandi.

Reglugerðin orðist svo:

1. Úrskurðarnefndir og dómstóll ÍSÍ

1.1 Yfirdómnefnd

Á öllum mótum starfar yfirdómnefnd, sem hlutast til um að mót fari eftir lögum og reglum LH og ÍSÍ. Hún veitir áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, eftir atvikum og vísar mönnum úr keppni, sé þess þörf. Yfirdómnefnd skal dæma keppendur í keppnisbann vegna brota á reglu 1.7 (Dregið til baka úr keppni).

Yfirdómnefnd skal innan sólarhrings frá mótslokum, senda Úrskurðar- aganefnd LH mótsskýrslu, einnig skal hún samhliða skilum á mótsskýrslu til Úrskurðar- og aganefndar senda sérhverjum þeim sem getið er í mótsskýrslu vegna brota á lögum og reglum LH, afrit skýrslunnar.

Yfirdómnefnd skal heimilt að senda inn kæru til Úrskurðar- og aganefndar, telji hún þess þörf.

Ákvarðanir Yfirdómnefndar um viðurlög vegna brota á reglum sem falla undir lið 1.2.4 (Dæmt úr leik og agaviðurlög) eru endanlegar og verða ekki kærðar til Úrskurðar- og aganefndar. Heimilt skal þó að kæra til Úrskurðar- og aganefndar ákvörðun yfirdómnefndar um að dæma keppanda í keppnisbann.

Um heimild til að leggja fram kæru, viðurlög sem heimilt er að beita keppendur og rétt þeirra til að áfrýja ákvörðunum dómara og/eða annarra starfsmanna móts til Yfirdómnefndar gilda ákvæði reglna 1.1.2, 1.2.3 og 1.2.4 hér að neðan.

1.1.1. Yfirdómnefnd skal skipuð eftirtöldum aðilum:

- Mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndur af honum
- Meðlimi framkvæmdanefndar
- Yfirdómara eða meðlimi dómara starfsliðs, áður tilnefndur af honum
- Formanni keppnisnefndar LH eða fulltrúa hans, áður tilnefndur af honum.
- Talsmanni knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum. Ef finna þarf staðgengil knapa tekur knapinn með næstflest atkvæði úr kosningunni hans sæti. Á sérstökum barna- og unglingamótum skal það vera æskulýðsfulltrúi LH (formaður æskulýðsnefndar) eða annar fulltrúi tilnefndur af mótshaldara.



Á mótum sem eru ekki World Ranking mót, er heimilt að yfirdómnefnd sé aðeins skipuð þremur aðilum, Yfirdómara, mótsstjóra og fulltrúa knapa og skal yfirdómari vera formaður hennar.

1.1.2. Heimild til að leggja fram kæru á yfirstandandi móti.

Hver sá sem telur sig órétti beittan, birt dagskrá sé óréttlát eða brjóti á rétti keppenda (conditions of the schedule), eða vegna brota á lögum og reglum LH hefur rétt til að leggja inn kæru til yfirdómnefndar. Hið sama gildir um alla dómara, skipuleggjanda eða mótsstjóra.

Kæur vegna ákvarðana dómara geta einungis verið byggðar á því að lög og reglur LH hafi verið brotnar eða reglur um óhlutdrægni.

Kæru þarf að leggja fram skriflega til mótsstjóra í síðasta lagi hálf tíma eftir lok hlutaðeigandi keppnisgreinar, ásamt greiðslu tryggingar til mótshaldara, að upphæð kr. 28.000 eða jafnvirði í erlendri mynt. Þar af skulu kr. 7.000 ávallt vera óendurkræfar.

Kæru vegna tímatöflu eða framkvæmd keppnisgreinar þarf að leggja fram fyrir upphaf móts eða viðeigandi greinar.

Trygging skal endurgreidd ef fallist er á að fullgildar ástæður séu fyrir kærinni.

1.2 Keppandi dæmdur úr leik og agaviðurlög

1.2.1 Gildissvið

Reglur varðandi það að menn séu dæmdir úr leik og agaviðurlög eru gildar á öllum mótum allt frá því að knapi og/eða hestur hans kemur inn á mótssvæðið í fyrsta skipti þangað til knapi og hestur(hestar) hans fara af mótssvæðinu í síðasta sinn.

Knapi telst vera ábyrgur fyrir hesti (hestum) sem hann tekur þátt í keppni með á einhvern hátt.

1.2.2 Skrá yfir agaviðurlög

FEIF heldur skrá yfir allar skýrslur um viðvaranir og keppnisbönn sem tilkynntar eru til FEIF, vegna brota á agareglum sem lýst er í þessum [kafla].

Viðvaranir og keppnisbönn skulu birt á vefsíðu LH og tilkynnt af LH til FEIF þegar ákvörðun liggur fyrir. Tilkynning skal send FEIF með ábyrgðarbréfi fyrir lok ofangreinds frests eða tölvupósti. Ef tilkynning er send með tölvupósti, verður FEIF að staðfesta móttöku. Afrit tilkynningar skal einnig sent viðkomandi aðila/aðilum. FEIF tekur enga efnislega afstöðu til málsins að öðru leyti en því að ganga úr skugga um að ákvörðun stafi frá úrskurðarnefnd í aðildarríkinu, sem er til þess bær að taka viðkomandi ákvörðun.

Reglur um opinbera viðvaranir skulu einungis eiga við um knapa sem orðnir eru 18 ára (miðað við almanaksár) eða eldri á fyrsta degi móts.



1.2.3 Viðurlög

Eftirtalin viðurlög má nota ein og sér eða saman vegna brota á lögum og reglum LH:

- Útilokun frá keppnisgrein
- Viðvörðun sem ekki er gerð opinber
- Viðvörðun sem gerð er opinber
- Brottrekstur af móti
- Keppnisbann

Brottrekstri af móti og keppnisbanni skal ávallt beita ásamt opinberri viðvörðun.

Íslensk sérregla: Ekki skal dæma keppendur yngri en 18 ára (miðað við almanaksár) í keppnisbann.

1.2.4. Dæmt úr leik og agaviðurlög

Brot á lögum og reglum LH eru flokkuð og meðhöndluð samkvæmt töflu hér á eftir. Skilyrði fyrir beitingu viðurlaga eru gefin til kynna með eftirfarandi tölustöfum þannig:

(1) Séð af 2 eða fleiri dómurum:

- A.m.k. tvö gul spjöld sýnd: Viðvörðun, sem verður að lokum birt
- 2 rauð spjöld eða fleiri sýnd: Viðkomandi skal dæmdur úr keppnisgrein

Dómari getur sýnt rautt og gult spjald samtímis.

(2) Má kæra til yfirdómnefndar (á viðkomandi móti)

(3) Má kæra til Úrskurðar- og aganefndar LH

(4) Staðfest af sport fulltrúa, mótsstjóra eða yfirdómara á viðkomandi móti

(5) Úrskurðað á fundi dómara

(V) Eingöngu eftir dýralæknisskoðun



BROT	Dæmt úr keppnisgrein	Viðvörðun – ekki gerð opinber	Viðvörðun – gerð opinber	Brottrekstur af móti	Keppnisbann
A) Knapi brýtur reglur við innkomu á völl, kveðju eða þegar völlur er yfirgefinn	1)				
B) Knapi fer af baki án leyfis	1)				
C) Knapi hunsar reglur í grein sem hann er að keppa í	1)				
D) Brot á reglum um reiðtygi	1)				
E) Ef einstaklingur kemur óorði á nafn samtaka og/eða keppni á íslenskum hestum		1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
F) Ósanngjöm eða ruddaleg meðferð á hesti, á eða utan vallar	1) eða 4) 2)	1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
G) Brot á siðareglum	1) eða 4) 2)	1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
H) Keppt á hesti sem haldinn er smitandi sjúkdómi	V) + 1) eða 4) 2)	V) + 1) eða 4) 2)	V) + 4) eða 5) 2)	V) + 4) eða 5) 2)	V) + 4) + 2) 3)
I) Notkun efna sem geta haft áhrif á frammistöðu hests eða knapa	V) + 1) eða 4) 2)	V) + 1) eða 4) 2)	V) + 4) eða 5) 2)	V) + 4) eða 5) 2)	V) + 4) + 2) 3)
J) Blekking eða tilraun til blekkingar við skráningu eða þátttöku á móti, t.d. boðar ekki forföll	1) eða 4) 2)	1) eða 4) 2)	4) eða 5) 2)	4) eða 5) 2)	4) + 2) 3)
K) Hlýtir ekki ákvörðun úrskurðarnefndar	4) 3)			4) 3)	



1.3 Úrskurðar- og aganefnd

Úrskurðar- og aganefnd úrskurðar um brot á lögum þessum, reglugerðum og reglum LH og ákvarðar viðurlög, í samræmi við reglur Úrskurðar- og aganefndar. Einnig er heimilt að kæra til Úrskurðar- og aganefndar ákvarðanir yfirdómnefndar, að því marki sem þær eru ekki háðar endanlegu ákvörðunarvaldi Yfirdómnefndar. Þá getur Úrskurðar- og aganefnd veitt keppendum og starfsmönnum móta áminningar og dæmt keppendur í keppnisbann, í samræmi við reglur um Úrskurðar- og aganefnd sem stjórn LH setur.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera skriflegir og skulu kveðnir innan [14] virkra daga eftir að öll gögn og upplýsingar liggja fyrir. Ákvörðun eða úrskurðir um keppnisbann skal þó kveða upp innan [5] daga frá mótslokum. Úrskurðar- og aganefnd LH skal skipuð þremur aðalmönnum og tveimur til vara. Formaður skal vera löglærður. Nefndarmenn skulu skipaðir af stjórn LH, að loknu landsþingi, til tveggja ára í senn.

Nefndin starfar samkvæmt úrskurðar- og agareglum LH og skulu a. m. k. þrír nefndarmenn taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.

Um hæfi þeirra sem skipa Úrskurðar- og aganefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í Úrskurðar- og aganefnd skulu ekki eiga sæti í stjórn LH. Sé nefndarmaður í Úrskurðar- og aganefnd jafnframt stjórnarmaður í aðildarfélagi LH skal hann víkja sæti við meðferð máls sem snertir félagsmann þess félags.

Verkefni Úrskurðar- og aganefndar:

- a. Úrskurðar- og aganefnd úrskurðar um brot á lögum og reglum LH á grundvelli mótsskýrslna frá Yfirdómnefnd og ákvarðar viðurlög í samræmi við reglur Úrskurðar- og aganefndar og lög og reglur LH.
- b. Heimilt er að kæra til Úrskurðar- og aganefndar ákvarðanir Yfirdómnefndar um áminningar og keppnisbann.

Kæra til Úrskurðar og aganefndar skal vera skrifleg. Frestur til að leggja fram kæru skal vera 48 klst. frá mótslokum ef kæra varðar ákvörðun Yfirdómnefndar.

Í öðrum tilvikum ber að senda kæru til Úrskurðar- og aganefndar innan 48 klst frá því að kæranda varð ljóst eða hefði mátt vera ljóst um þau atvik sem hann telur að brotið hafi á réttindum sínum eða hagsmunum samkvæmt lögum og reglum LH.

Í þeim tilvikum þegar Úrskurðar- og aganefnd ákvarðar viðurlög vegna atvika sem getið er um í mótsskýrslu (og kæránleg eru til Úrskurðar- og aganefndar) og ekki hafa áður verið tekin til ákvörðunar Yfirdómnefndar, skal Úrskurðar- og aganefnd gefa aðila 48 klst. frest til að senda inn skrifleg mótmæli eða athugasemdir um það/þau atvik sem getið er um í mótsskýrslu, áður en ákvörðun er tekin.

Stjórn LH er heimilt að skjóta til Úrskurðar- aganefndar öllum málum sem varðar brot á lögum og reglum LH í samræmi við ákvæði greinar 1.6.1 í lögum LH.



Um málsmeðferð fyrir Úrskurðar- og aganefnd vísast til reglna um Úrskurðar- og aganefnd.

Ákvarðanir Úrskurðar- og aganefndar eru kærnanlegar til Dómstóls ÍSÍ.

Stjórn LH er heimilt að setja nánari reglur um Úrskurðar og aganefnd LH, þar sem nánar er kveðið á um verkefni og starf nefndarinnar.

1.4 Dómstólar ÍSÍ

Dómstólar ÍSÍ hafa fullnaðarlögsögu í málefnum sem upp kunna að koma innan LH. Dómstólarnir starfa skv. lögum um dómstóla Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Greinargerð:

Reglur þessar fjalla um það hverjir ákvarða viðurlög fyrir brot á lögum og reglum LH, hvaða viðurlög heimild er að viðhafa og rétt manna til að kæra ákvarðanir um viðurlög.

Ekki er um grundvallarbreytingu á þessum reglum að ræða frá því sem þær eru í dag, en nú er á einum stað greint frá því með tæmandi hætti hvaða úrræði eru til staðar vegna brota á lögum og reglum LH.

Í núgildandi lögum eru þessar reglur annarsvegar í grein 2.7 (Andmæla- og agareglur) og hinsvegar í 2.8 (Íslenskar sérreglur).

Reglur um Yfirdómnefnd.

Ekki er um teljandi breytingar á ræða frá núgildandi reglum. Helstu breytingar eru:

- Yfirdómnefnd getur tekið ákvörðun um keppnisbann í þeim tilvikum þegar keppandi mætir ekki í úrslit án þess að boða forföll. Í núgildandi reglu, grein 8.5.8 segir að keppandi skuli dæmdur í tveggja vikna keppnisbann, mæti hann ekki í úrslit. Í reglu FEIF S7.1, sem verður regla Í7.1 skal yfirdómari dæma knapa í tveggja vikna keppnisbann í þessu tilviki og senda tilkynningu til FEIF. Það hefur verið nokkuð á reiki hvernig fara skuli með þessa reglu. Þ.e. hvort það sé yfirdómnefnd eða aganefnd sem skuli dæma menn í keppnisbann vegna þessa, samanber t.d. dóm ÍSÍ nr. 6/2001. Verði reglan samþykkt er óvissa um þetta eytt, Tímalengd keppnisbann er ákveðið í lögnum en það er tvær vikur.
- Hnykk er á því í reglunum að ekki allar ákvarðanir séu kærnanlegar til Úrskurðar- og aganefndar. Hér hér um að ræða ákvarðanir dómara og annarra sem kæra ber til Yfirdómnefndar innan 30 mínútna frá lokum viðeigandi keppnisgreinar. Þetta á þó ekki við um það tilvik þegar Yfirdómnefnd dæmir keppanda í keppnisbann, en slík ákvörðun er kærnanleg til Úrskurðar og aganefndar.
- Almenn heimild Yfirdómnefndar til að fella niður árangur knapa sem vísað er úr keppni samkvæmt núgildandi reglu gr. 2.8.9.3. fellur brott. Ekki er sambærileg regla í FEIF, en fjallað er um í nokkrum mismunandi greinum um heimild til að fella niður árangur knapa sem hefur gerst brotlegur við reglur, sbr. t.d. Gr. 8.1.4.2 verður regla A8.5.2.1 (Knapi mætir ekki í fótaskoðun), gr. Í1.6 ef knapi mætir ekki í búnaðarskoðun og gr. 8.5.8 verður regla Í1.7 (Dregið til baka úr keppni).
- Yfirdómnefnd skal innan sólarhrings frá mótstlokum, senda Úrskurðar- aganefnd LH mótsskýrslu, einnig skal hún samhliða skilum á mótsskýrslu til Úrskurðar- og aganefndar senda sérhverjum þeim



sem getið er í mótsskýrslu vegna brota á lögum og reglum LH, afrit skýrslunnar. Í nágildandi reglum er fjallað um þetta í gr. 2.8.7. en þar eru engin tímamörk á því hvenær Yfirdómnefnd skal búin að senda skýrslu til aganefndar. Breyting lítur að því að það skuli hún gera innan sólarhrings frá mótslokum.

Reglur um Úrskurðar- og aganefnd

Ekki er um grundvallarbreytingu að ræða frá þeim reglum sem almennt hefur verið talið að gildi um aganefnd. Hér er þó verið að hnykkja á hlutverki nefndarinnar og tilgangi hennar.

Lagt er til að nafninu verði breytt og nefndin muni eftirleiðis heita Úrskurðar- og aganefnd.

Hlutverk hennar verði að vera áfrýjunarnefnd vegna ákvarðana Yfirdómnefndar sem kærður eru til Úrskurðar- og aganefndar, en einnig starfi nefndin sem úrskurðarnefnd og úrskurði um brot á lögum og reglum LH.

Önnur helsta breytingin er að stjórn LH hefur nú heimild til að skjóta málum til nefndarinnar, vegna brota á lögum LH í allt að 1 ár frá því að atvik átti sér stað eða frá lokum þess móts sem við á.

Til viðbótar ofangreindu má nefnda, sá á við um hvort sem mál er til meðferðar hjá Yfirdómnefnd eða Úrskurðar- og aganefnd að verði þessar reglur samþykktar verður ekki heimilt að dæma börn yngri en 18 ára miðað við almanaksárið í keppnisbann. Eins skulu reglur um opinbera viðvörðun einungis eiga við um börn eldri en 18 ára.



Þingskjal nr. 4

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir reglugerð um dómara í hestaíþróttum er verði hluti af nýrri reglugerð um mótahald á Íslandi.

a. Reglugerðin orðist svo:

1.1 Reglugerð um dómara í hestaíþróttum

1.1.1 Dómarar

Dómarar sjá um að farið sé eftir reglum, að mót séu haldin í góðum íþrótaanda og að velferð hestsins sé í fyrirrúmi öllum stundum. Til að öðlast dómararéttindi skulu dómarar hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðingadómari eða íþróttadómari. Íþróttadómarar dæma á íþróttamótum, gæðingadómarar dæma á gæðingamótum.

1.1.2 Dómararéttindi

Dómarar við gæðingakeppni og íþróttakeppni skulu hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðinga- eða íþróttadómarar. Dómararéttindi eru stigskipt. Íþróttadómarar skiptast í héraðsdómara, landsdómara og alþjóðadómara FEIF. Gæðingadómarar skiptast í félagsdómara og landsdómara. LH ber ábyrgð á menntun, endurmenntun og löggildingu héraðs-, félags, og landsdómara en FEIF ber ábyrgð á menntun, endurmenntun og löggildinu alþjóðadómara.

Réttindi gæðingadómara:

- a) Félagdómari hefur rétt til að dæma öll almenn gæðingamót, þó ekki landsmót og fjórðungsmót
- b) Landsdómari hefur rétt til að dæma á öllum gæðingamótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess

Réttindi íþróttadómara:

- a. Héraðsdómari hefur rétt til að dæma öll almenn íþróttamót, þó ekki WR-mót, Íslandsmót og Landsmót.
- b. Landsdómari hefur rétt til að dæma á öllum íþróttamótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess.

Til að öðlast og viðhalda dómararéttindum þarf viðkomandi að standast dómarapróf á vegum LH og standast kröfur sem settar eru af Dómaranefnd LH. Dómaranefnd LH gefur út lista yfir virka dómara og birtir á vefsíðu LH ár hvert.



[Áður gr. 2.8.9.2 Dómarar] Dómarar, sem án gildrar ástæðu, mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómaraéttindin í allt að sex mánuði. Sama gildir og ef dómari sýnir vítaverða framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða áhorfendum. Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til dómarafélaganna.

Um alþjóðadómaraéttindi vísast til gr. G2.2 í reglum FEIF.

1.1.3 Skipun dómara á mót

Aðildarfélag LH sækja um dómara á lögleg mót til Dómaranefndar LH í síðasta lagi 7 dögum fyrir upphaf móts. Dómaranefnd hefur heimild til að fela Hestaíþróttadómarafélagi Íslands og Gæðingadómarafélagi LH úthlutun dómara á mót.

1.1.4 Um hæfi dómara

Um hæfi dómara skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Um dómara gilda siðareglur LH, FEIF og ÍSí.

[áður gr. 7.4.2] Dómari má ekki eiga hest í keppni á Íslandsmóti, lands- eða fjórðungsmóti, í þeim flokki sem hann dæmir.

b. Eftirfarandi greinar falla brott:

2.8.4, 2.8.9.2, 7.4.1 og 7.4.2.

Greinargerð

Reglugerð um dómara í hestaíþróttum verður hluti af sér reglugerð um mótahald á Íslandi. Reglugerðin kemur í stað greina 2.8.4 um skipun dómara, 2.8.9.2 um dómara, 7.4.1 um Dómara og dómnefnd í gæðingakeppni og 7.4.2 um dómara og dómstörf í gæðingakeppni.

Með reglugerðinni er verið að skilgreina og skýra hlutverk dómara í hestaíþróttum, dómaraéttindi og skipun dómara á mót.

Er hlutverk reglugerðarinnar að samræma kafla sem verið hafa á fleiri stöðum í regluverki LH á einn stað.

Er ætlunin að einfalda og skýra stöðu dómaramála í regluverki LH og koma í veg fyrir að einstaka lög og reglur stangist á eða misræmi myndist.

Í reglugerð þessari felst ekki efnisleg breyting á hlutverkum dómara innan regluverks LH frá því sem verið hefur. Undanfarin ár og misseri hefur það verklag verið við lýði að dómaranefnd LH hefur falið dómarafélagunum (HÍDÍ og GDLH) að sjá um menntun, endurmenntun og úthlutun dómara á mót og hefur það verklag þótt takast vel og eru ekki fyrirsjáanlegar forsendur fyrir því að til þurfi að koma breytingar á því verklagi.



Þingskjal nr. 5

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að eftirfarandi reglur falli bott eða taki breytingum vegna nýrrar uppsetningar á lögum og reglum LH.

a. Mgr. í gr. 2.8.1 fellur brott

2.8.1 Auglýsingar móta

Úrtökur fyrir Landsmót skal auglýsa með minnst 7 daga fyrirvara.

Greinargerð: Lagt er til að málsgreinin falli brott. Ákvæðið stangast á við gr. 6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót þar sem segir „úrtökur skulu auglýstar með minnst tveggja vikna fyrirvara“.

b. Mgr. í gr. 2.8.4 fellur brott:

2.8.4 Skipun dómara á mót

Mótshaldarar verða að sækja um gæðinga- og íþróttadómara til stjórna dómarafélaga LH til að mótin séu lögleg og fái skráningu í Sportfeng. Sækja skal um dómara 7 dögum fyrir upphaf móts. Bera dómaranefnd og dómarafélögin ábyrgð á að manna öll lögleg mót sem haldin eru. Dómaranefnd og félögunum ber að vera í sambandi við mótshaldara og ber dómurum að tilkynna forföll til dómarafélaganna.

Greinargerð: Ákvæði um dómara er nú í nýrri reglugerð um dómara sem er hluti af nýrri reglugerð um mótahald á Íslandi.

c. Mgr. í grein 2.8.6. fellur brott:

2.8.6 Keppnisröð

Strax að lokinni skráningu keppenda skal keppnisröð þeirra ákveðin með útdrætti. Keppendum eða fulltrúum þeirra er heimilt að vera viðstaddir útdráttinn.

Greinargerð: Lagt er til að greinin falli brott. Fjallað er um rásröð í grein er 1.3.



d. Mgr. í gr. 2.8.8 fellur brott:

2.8.8 Skyldur keppenda, 4. mgr.

Yfirdómnefnd móts ber að skera úr um hvort fjarvistir keppenda séu fullgildar.

Greinargerð: Lagt er til að mgr. falli brott. Engin sambærileg málsgrein er í reglum FEIF.

e. Tillaga um breytingu á grein 2.8.8:

[var 2.8.8 skyldur keppenda, verður 1.1.5 í reglum um mótahald á Íslandi]

Keppendum er óheimilt að vera undir áhrifum áfengis **og/eða vímuefna**. Leiki grunur á að svo sé (~~áberandi vínlykt~~), þó ekki séu tók á að færa fullar sannanir fram að lögum fyrir ölvun, skal yfirdómnefnd koma saman og ákvarða hvort og hvernig refsingu skuli háttáð:

Reynist yfirdómnefnd sammála um að kvörtun eigi ekki við rök að styðjast, fellur málið niður.

Reynist einn yfirdómnefndarmaður álíta að um brot sé að ræða, skal áminna keppanda án spjalds.

Reynist tveir yfirdómnefndarmenn álíta að um brot sé að ræða, skal áminna keppanda og sýna honum gult spjald.

Reynist allir yfirdómnefndarmenn álíta að um brot sé að ræða, skal sýna keppanda rautt spjald, honum umsvifalaust vikið úr keppni og árangur hans felldur niður.

Rétt til að bera fram kæru til yfirdómnefndar hafa keppendur og starfsmenn móta. Starfsmönnum ber að koma kærnum sínum umsvifalaust til yfirdómnefndar.

Greinargerð: Lagt er til að óheimilt sé að vera undir áhrifum áfengis- og vímuefna. Lagt er til að greiningin „áberandi vínlykt“ falli brott.

f. Mgr. fellur brott:

Gr. 2.8.10

Dómstólar ÍSÍ skulu beita hlutaðeigandi einstakling refsingum verði hann uppvís að:

- Bera yfirvald, einstaklinga eða félög innan LH röngum sökum, á opinberum vettvangi, eða kæra þau að ástæðulausu.
- Blekkja eða reyna að blekkja yfirvald innan LH með röngum skýrslum eða villandi upplýsingum.
- Koma ósæmilega fram við, ögra, eða hafa í hótunum við yfirvald innan LH, vegna atvika sem standa í sambandi við trúnaðarstörf yfirvalds fyrir LH.

Rétt til að bera fram kæru vegna brots á ofangreindum liðum, hafa aðeins þau yfirvöld eða einstaklingar sem misgert er við, auk LH.



Greinargerð: Fjallað er um dómstóla í nýrri reglugerð um Úrskurðar- og aganefndir sem er hluti af nýrri reglugerð um mótahald á Íslandi.

f. gr. 6.6 og 6.7 falla brott:

6.6 Ráðstöfun hugsanlegs hagnaðar Landsmóts

Ef hagnaður verður af rekstri Landsmóta skal greiða 5% hagnaðar í áningahólfasjóð LH. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram eftir reglum sem stjórn LH setur.

6.7 Flutningsstyrkir

Flutningsstyrkir sýningar- og keppnishrossa ef greiddir verða skulu ákveðnir af rekstraraðila í samráði við LH.

Greinargerð: Lagt er til að greinar um ráðstöfun hagnaðar af landsmóti og um flytningsstyrki verði felldar brott, enda er mótshaldi landsmóts framvísað til annarra aðila samkvæmt samningi þar um.

g. mgr. fellur brott:

7.4.1 Dómarar og dómnefnd

Dómarar við gæðingakeppni skulu hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðingadómarar.

Gæðinga- og unglingadómarar LH skiptast í tvo flokka: a) Félagsdómara b) Landsdómara

Félagsdómarar hafa rétt til að dæma í innanfélagskeppni. Landsdómarar hafa rétt til að dæma á öllum mótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess. Landsdómarar hafa einnig réttindi til að stjórna gæðingakeppni.

Dómarar á lands- og fjórðungsmótum eru skipaðir af dómaranefnd LH.

Á innanfélagsmótum og minni mótum er heimilt að einungis þrjú dómarar dæmi.

Kynnir og stjórnandi þarf ekki að vera dómari, en hann kynnir og stjórnar í samráði við og á ábyrgð dómara. Stjórnir hestamannafélaga sækir um dómara á þessu mót til LH í síðasta lagi fjórum vikum fyrir mót.

7.4.2 Dómarar og dómstörf



Dómari má ekki eiga hest í keppni á lands- eða fjórðungsmóti, í þeim flokki sem hann dæmir. Eigi hann hest í keppni á innanfélagsmóti, vikur hann sæti í dómnefnd á meðan hestur hans er dæmdur. Að öðru leyti vísast í kafla 8.3.3. um dómara.

Greinargerð: Lagt er til að greinar sem fjalla um dómara í reglugerð um gæðingakeppni falli brott. Í stað þeirra er ný reglugerð um dómara í hestaíþróttum í reglugerð um mótahald á Íslandi.

h. Tillaga um að færa málsgrein úr reglum um íþróttakeppni yfir í reglur um gæðingakeppni.

Var gr. 8.2.3 Útbúnaður knapa

Í gæðingakeppni er þískur einungis leyfður í barna- og unglingsflokki.

Verður: GK1.3.2 Sýnandi, búnaður hests og knapa

Þegar gæðingur kemur fyrir dómnefnd, skal eigandi sjálfur, eða sá er hann kveður til, sitja hestinn í dómi. Í gæðingakeppni vísast til **reglugerðar um almennar reglur um keppni kafla 8 í lögum um íþróttakeppni (FIPO)** um allan útbúnað knapa og hests.

Í gæðingakeppni er þískur einungis leyfður í barna- og unglingsflokki og C-flokki gæðinga.

Greinargerð: Gerð er tillaga um að færa reglu sem á við um búnað í gæðingakeppni yfir í reglugerð um gæðingakeppni. Einnig er skerpt á orðalagi um að þískur sé heimill í barna- og unglingsflokki og C-flokki gæðinga í fullorðinsflokki.

i. Tillaga um breyting á reglu:

[var gr. 8.4.9, verður gr. 1.5]

1.5 Samanlagðar greinar

Við útreikning á samanlögum stigum skal miða við einkunnir í forkeppni.

1.5.1 Fjórangur

Samanlagður fjórangurssigurvegari er parið sem fær hæsta samanlagða einkunn úr tveimur keppnisgreinum. Einungis ein grein telur úr hvorum flokki.

Flokkur I: Tölt T1 eða
 Tölt T2

Flokkur II: Fjórangur V1/

[Íslensk sérregla] eða:

Flokkur I: Tölt T3 eða
 Tölt T4



Flokkur II: Fjörgangur V2

Í1.5.2 Fimmgangur

Samanlagður fimmgangssigurvegari er parið sem fær hæsta samanlagða einkunn úr þremur keppnisgreinum. Einungis ein grein telur úr hverjum flokki.

Flokkur I: Tölt T1 eða
Tölt T2

Flokkur II: Fimmgangur F1

Flokkur III: 250 m skeið P1 eða
Gæðingaskeið PP1 eða
Flugskeið P2

Fari 150 m skeið (P3) fram og sé það löglega auglýst má nota það í stað P1.

[Íslensk sérregla] eða:

Flokkur I: Tölt T3 eða
Tölt T4

Flokkur II: Fimmgangur F2

Flokkur III: 250 m skeið P1 eða
Gæðingaskeið PP1 eða
Flugskeið P2

Fari 150 m skeið (P3) fram og sé það löglega auglýst má nota það í stað P1.

Í1.5.3 Hestar jafnir að stigum

Ef fleiri en einn hestur eru jafnir að stigum í fyrsta sæti, skal beita eftirfarandi ráðstöfunum þar til sigurvegari er fundinn:

- Nr. 1 Skoða skal næsta aukastaf
- Nr. 2 Athuga hvor hefur hærra einkunn í V1/V2 eða F1/F2 (eftir því sem við á um viðkomandi þar hverju sinni)
- Nr. 3 Endurreikna stigin í V1/V2 og F1/F2 með því að nota meðaltal einkunna allra 5 dómara (þannig að hæsta og lægsta einkunn reiknist með til stiga) og leggja þann útreikning til grundvallar þegar sigurvegari er fundinn.
- Nr. 4 Ef framangreint sker ekki úr um sigurvegara, skal sigurvegari fundinn með því að varpa hlutkesti

Ef hestar eru með sömu einkunn í önnur sæti en fyrsta sæti, skulu þeir deila sæti.



Séríslensk regla: Greinar þar sem einn knapi er inn á í einu hafa meira vægi en greinar þar sem 2 eða fleiri eru inn á í einu.

Séríslensk regla: Í 1.5.4 Samanlagðar greinar í yngri flokkum:

Í barnaflokki skulu reiknuð til samanlagðra stiga eftirtaldar greinar: tölt T3, fjórgangur V2 og gæðingafimi **fimikeppni-A**. Knapi þarf ekki að vera á sama hesti í öllum greinum.

Í unglingsflokki skulu reiknuð til samanlagðra stiga eftirtaldar greinar: T1/T3, T2/T4, V1/V2, F1/F2, gæðingaskeið PP1, 100 m skeið P2 og **fimikeppni-A gæðingafimi**. Knapi þarf ekki að vera á sama hesti í öllum greinum. Einungis fjórar bestu greinar keppanda telja til samanlagðra stiga.

Í ungmennaflokki eru notaðar sömu reglur og í fullorðinsflokki með þeirri undantekningu að kappreiðaskeið telur ekki til stigasöfnunar.

Ef knapar eru jafnir að stigum skal beita sömu reglu og fram kemur í 1.5.3.

Greinargerð: Verið er að skerpa á muni á séríslenskum reglum og reglum FEIF um samanlagða sigurvegara. Séríslenska reglan gengur út frá að árangur úr greinum þar sem fleiri en einn knapi er inn á vellinum gildi til samanlagðs árangurs. Árangur skal þó aðeins reiknaður út frá greinum þar sem annars vegar er einn knapi inn á vellinum og hafa þær greinar meira vægi og hins vegar greinum þar sem tveir eða fleiri eru inn á vellinum. Engar reglur eru hjá FEIF um samanlagðan árangur kanpa í yngri flokkum. Einnig er lagt til að greininni fimikeppni A í yngri flokkum verði skipt út fyrir greinina gæðingafimi.

j. Tillaga um breyting á reglu

[Var 8.5.1 Hringvöllur, verður: A9.2. Vellir fyrir íþróttkeppnisgreinar]

3. Mgr. var:

Allir viðurkenndir vellir á Íslandi eru löglegir.

3. mgr verður A9.2.1:

Íslensk sérregla: Allir vellir sem hafa verið notaðir fyrir íslenskt mótaöld til ársins 2022 teljast löglegir.

Greinargerð: Vellir sem gerðir eru eftir árið 2022 verða að vera uppbyggðir skv. teikningum FEIF til að teljast löglegir keppnisvellir.

k. Tillaga um að færa málsgrein úr reglum um íþróttkeppni yfir í reglur um Landsmót.

[Var 8.8.1.1 Leyfilegir hestar, verður í reglugerð um landsmót gr. 1.4 Keppnisgreinar Landsmóts]



Á Landsmótum skal m.a. fara fram keppni úrvals gæðinga í öllum flokkum svo og keppni úrvalstöltara. Þá skal fara fram sýning úrvals kynbótahrossa og kappreiðar. Í keppni og sýningum skal farið eftir reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Keppnisréttur í tölti á Lands- og fjórðungsmótum vinnst eingöngu í keppni í T1.

Greinargerð: Greinin skýrir sig sjálf.

I. Tillaga um að færa málsgrein úr reglum um íþróttakeppni yfir í reglur um Landsmót.

[Var 8.8.17 P1 – Skeiðkappreiðar 250m, verður í reglugerð um landsmót gr. 1.4 Keppnisgreinar Landsmóts]

Á Landsmótum skal m.a. fara fram keppni úrvals gæðinga í öllum flokkum svo og keppni úrvalstöltara. Þá skal fara fram sýning úrvals kynbótahrossa og kappreiðar. Í keppni og sýningum skal farið eftir reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Keppnisréttur í tölti á Lands- og fjórðungsmótum vinnst eingöngu í keppni í T1.

Á Lands- og fjórðungsmótum er það hesturinn sem vinnur sér þátttökurétt í skeiðkappreiðum en ekki parið.

Greinargerð: Greinin skýrir sig sjálf.

m. Breytingartillaga, Var viðauki 10, verður A1.6

Brottvikning fulltrúa

Sérhver aðili sem kemur fram sem fulltrúi FEIF á opinberum vettvangi, þ.m.t. stjórnarmenn, nefndarmenn, aðilar kjörnir af fulltrúaráði, aðilar tilnefndir af stjórn FEIF og dómara með dómara réttindi frá FEIF og LH, skulu sæta tímabundinni brottvikningu meðan þeir sæta ákæru vegna ofbeldis- eða kynferðisbrots. Brottvikning skal vera varanleg hljóti aðili dóm fyrir slíkt brot. Allir fulltrúar eru skuldbundnir til að tilkynna sjálfir um sérhverja ákæru eða dóm. Vanræki aðili slíkt skal það varða fyrirvaralausri og varanlegri brottvikningu.

Greinargerð: Lagt er til að orðunum „og LH“ verði bætt við málsgreinina til að taka af allan vafa um að dómara LH falli undir ákvæði greinarinnar.



Þingskjal nr. 6

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir breytingar á kafla 3 í lögum og reglum LH, Almennum ákvæðum fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar. Kaflinn verður ný reglugerð um þátttöku- og keppendareglur og verður hluti af nýrri reglugerð um mótahald á Íslandi.

1.1. Þátttöku- og keppendareglur **{Félagaskipti}**

[Er nú í gr. 1.8 í lögum LH]

3.1. um keppni Keppni í hestaíþróttum, gæðingakeppni og kappreiðum skal fara fram skv. lögum og reglugerðum LH og ÍSí svo og öðrum reglugerðum sem LH hefur samþykkt. Keppnistímabilið er almanaksárið. Keppnistímabil í reglum þessum þýðir hvert byrjað keppnistímabil þar sem það á við.

Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda LH ÍSí. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn er þeir hafa verið **einn mánuð á skráðir á** félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.

[Er nú í gr. A2.16]

3.2 Keppendur og útbúnaður þeirra

Keppandi skal vera þrúður og háttvís, snyrtilega búinn, t.d. í félagsbúningi þess hestamannafélags sem hann keppir fyrir. Honum er skylt að sýna tillitssemi við hestinn og þrúðmannlega framkomu gagnvart öðrum keppendum, starfsmönnum svo og gestum mótsins. Öllum keppendum er skylt að nota áspenntan, viðurkenndan reiðhjál. Ef reiðhjálmur dettur af keppanda í keppni verður sýning hans ógild.

[greinar falla brott]

{3.3.1 Félagaskipti}

Félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði, sem LH gefur út, og kallast félagaskiptaeyðublað. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi keppanda, félagi því sem gengið er úr og félagi því sem gengið er í. LH staðfestir félagaskiptin og öðlast viðkomandi keppandi þar með keppnisrétt með hinu nýja félagi í fyllingu tímans. LH er ekki heimilt að staðfesta félagaskipti fyrr en undirskrift keppanda og viðkomandi félaga liggur fyrir.

3.3.2 Heimild til undirritunar félagaskipta

Heimild til að undirrita félagaskiptaeyðublað hafa:



- ~~• Formenn félaga eða staðgenglar þeirra.~~
- ~~• Formaður LH eða staðgengill hans.~~
- ~~• Viðkomandi keppandi, eða aðili með skriflegt umboð hans.~~

3.3.3 Keppandi

Keppandi getur aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili. Sjá þó greinar 3.3.4. og 3.4.

3.3.4 Heimild til félagaskipta

Heimilt er að skipta um félag á tímabilinu 1. janúar til febrúarloka ár hvert. Hafi keppandi ekki tekið þátt í móti s.l. tvö keppnistímabil, gilda þessi tímamörk ekki. Keppandi sem flytur lögheimili og dvalarstað sinn milli héraða innan keppnistímabilsins og gengur í félag á nýjum dvalarstað, hefur rétt á að keppa fyrir hið nýja félag sitt, þótt hann hafi áður á sama keppnistímabili keppt fyrir annað félag í sínum fyrri heimkynnum. Félagaskipti skulu fara eftir reglum um félagaskipti.

Heimilt er að draga félagaskipti til baka, hafi keppandi ekki tekið þátt í íþróttamóti með sínu nýja félagi á keppnistímabilinu, og öðlast hann þá keppnisheimild með sínu gamla félagi strax og hann hefur sannanlega lagt fram skriflega beiðni þar að lútandi til LH.

Óski keppandi félagaskipta skal hann greiða LH gjald, sem nemur kr. 2.500,— og greiðist við samþykki LH. LH er óheimilt að staðfesta félagaskipti nema gjald þetta sé greitt.

Félagi er óheimilt að synja keppanda um félagaskipti, sé hann skuldlaus við félagið.

LH skal tilkynna öllum félögum um félagaskipti keppenda eigi síðar en 7 dögum eftir að LH hefur staðfest félagaskiptin.

3.4 Erlendir ríkisborgarar

Erlendum ríkisborgurum er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda LH ÍSÍ, öðrum en millilandakeppni, að uppfylltu eftirfarandi skilyrði:

Keppandi sé löglegur félagi í hestamannafélagi og uppfylli ákvæði um keppnisrétt sbr. 1. mgr.

~~Um félagsskipti erlendra ríkisborgara gilda reglur greinar 3.3.~~

Erlundur ríkisborgari getur aldrei verið titlaður Íslandsmeistari, þótt hann sigri grein á Íslandsmóti og skal þá Íslandsmeistari krýndur sá íslenskur ríkisborgari sem er í næsta sæti við erlenda ríkisborgarann.

1.4. Viðurlög

Taki keppandi þátt í móti, þar sem ákvæðum þátttöku- og keppendareglna er ekki fylgt, varðar það missi titils og verðlauna. ~~Þá skal refsa keppanda og mótshaldara.~~

3.6 Um breytingar



~~Lagabreytingar og breytingar á reglugerðum, sem samþykktar eru á ársþingi LH, skulu berast til aðildarsambanda og formanna félaga í síðasta lagi í mars-ár hvert. Þá skal stjórn LH senda með fundargerðum sínum samþykktir og reglugerðir, sem hún samþykkir milli ársþinga.~~

Greinargerð: Tillagan felur í sér að ákvæði í reglum LH um félagaskipti falli brott enda hefur þeim ekki verið fylgt eftir. Lagt er til að aðildarfélög beri sjálf ábyrgð á sínu félagatali. Rétt til þátttöku í keppni eiga þeir einir sem eru félagar í hestamannafélagi, eftir að hafa verið á félagaskrá í einn mánuð. Aðeins má keppa fyrir eitt félag á hverju keppnisári.



Þingskjal nr. 7

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á lögum LH, grein 1.2.2 Landsþing.

Greinin er:

1.2.2 Landsþing

Landsþing fer með æðsta vald í málefnum LH. Þingið sitja fulltrúar frá hestamannafélögum í landinu.

Fulltrúafjöldi fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.

Aðeins sá sem er í hestamannafélagi er kjörgengur fulltrúi viðkomandi sérráðs eða héraðssambands á landsþingi LH. Það er jafnframt skilyrði fyrir kjörgengi að viðkomandi hestamannafélag sé í skilum með gjöld til LH.

Þingið skal háð annað hvert ár í október- eða nóvembermánuði. Skal boða það bréflaga með minnst 8 vikna fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.

Allar breytingartillögur á keppnisreglum skulu berast keppnisnefnd LH og laganefnd LH hið minnta 3 mánuðum fyrir upphaf landsþings. Tillögurnar skulu sendar skrifstofu LH sem aftur kemur þeim á viðkomandi nefndir og bókar móttökudag þeirra. Keppnisnefnd og laganefnd skulu fara yfir tillögurnar, kosti þeirra og galla og veita umsögn sína um þær, séu þær þingtækar. Skal sú umsögn fylgja tillögunum inn á landsþing. Við meðferð tillagnanna afla nefndirnar sér þeirra upplýsinga sem þarf, kalla til aðila og veita síðan vandaða umsögn um tillöguna.

Landsþingi skal stýrt eftir almennum þingsköpum.

Landsþing er lögætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

Greinin verður:

1.2.2 Landsþing

Landsþing fer með æðsta vald í málefnum LH. Þingið sitja fulltrúar frá hestamannafélögum í landinu.

Fulltrúafjöldi fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

STOFNAÐ 1949



Aðeins sá sem er í hestamannafélagi er kjörgengur fulltrúi viðkomandi sérráðs eða héraðssambands á landsþingi LH. Það er jafnframt skilyrði fyrir kjörgengi að viðkomandi hestamannafélag sé í skilum með gjöld til LH.

Þingið skal háð annað hvert ár í október- eða nóvembermánuði. Skal boða það bréflega/tölvupósti með minnst 8 vikna fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.

~~Allar breytingartillögur á keppnisreglum skulu berast keppnisnefnd LH og laganefnd LH hið minnsta 3 mánuðum fyrir upphaf landsþings. Tillögurnar skulu sendar skrifstofu LH sem aftur kemur þeim á viðkomandi nefndir og bókar móttökudag þeirra. Keppnisnefnd og laganefnd skulu fara yfir tillögurnar, kosti þeirra og galla og veita umsögn sína um þær, séu þær þingtækar. Skal sú umsögn fylgja tillögunum inn á landsþing. Við meðferð tillagnanna afla nefndirnar sér þeirra upplýsinga sem þarf, kalla til aðila og veita síðan vandaða umsögn um tillöguna.~~

Landsþingi skal stýrt eftir almennum þingsköpum.

Landsþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.



Þingskjal nr. 8

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á lögum LH, grein 1.3.3 Dagskrá formannafundar.

Greinin er:

1.3.3 Dagskrá formannafundar

Formannafundir fjallar meðal annars um:

- Málefni LH milli landsþinga
- Reikninga síðastliðins rekstrarárs
- 8 mánaða uppgjör reikninga ársins
- Endurskoðaða rekstraráætlun og rekstraráætlun næsta árs
- Skýrslur stjórnar og starfsnefnda

Á formannafundum má ekki gera breytingar á lögum LH né kjósa stjórn.

Greinin verður:

1.3.3 Dagskrá formannafundar

Formannafundir fjallar meðal annars um:

- Málefni LH milli landsþinga
- Reikninga síðastliðins rekstrarárs
- 8 mánaða uppgjör reikninga ársins
- Endurskoðaða rekstraráætlun og rekstraráætlun næsta árs
- Skýrslur stjórnar og starfsnefnda

Á formannafundum má ekki gera breytingar á lögum LH né kjósa stjórn.

Á formannafundum skal samþykkja ársreikning síðastliðins rekstrarárs ásamt fjárhagsáætlun næsta árs. Skal ársreikningur liggja fyrir og sendur til aðildarfélaga LH 2 vikum fyrir formannafund. Einnig skal liggja fyrir ársreikningur og starfsskýrsla þeirra einkahlutafélaga sem LH er eigandi af eða í.

Greinargerð

Best er að ganga frá hverju starfsári árið eftir að því líkur í stað þess að vera að velta fyrir sér ársreikningum 2 ár aftur í tíman.



Þingskjal nr. 9

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á lögum LH, grein 1.4.2 Starfssvið stjórnar.

Greinin er:

1.4.2 Starfssvið stjórnar

Starfssvið stjórnar Starfssvið stjórnar LH er meðal annars að:

- Framkvæma ályktanir landsþingsins
- Fylgja eftir framtíðarsýn formannafunda
- Sjá um að samdar séu leikreglur og reglugerðir
- Senda ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar
- Birta aðildarfélögum fundargerðir stjórnar LH
- Líta eftir því að lög og reglugerðir LH séu haldin
- Staðfesta met
- Koma fram erlendis fyrir hönd hestaíþróttarinnar í landinu
- Skipa nefndir skv. grein 1.4.3 og hafa eftirlit með störfum þeirra

Greinin verður:

1.4.2 Starfssvið stjórnar

Starfssvið stjórnar Starfssvið stjórnar LH er meðal annars að:

- Framkvæma ályktanir landsþingsins
- Fylgja eftir framtíðarsýn formannafunda
- Sjá um að samdar séu leikreglur og reglugerðir
- Senda ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar
- Birta aðildarfélögum fundargerðir stjórnar LH
- Líta eftir því að lög og reglugerðir LH séu haldin
- Staðfesta met
- Leiðrétta keppnisárangur á mótum ef um brot á keppnisreglum er að ræða
- Setja bann/sektir á þau hestamannafélög sem ekki skila inn réttum mótaskýrslum eða mótaskýrslum ekki skilað á réttum tíma
- Setja bann/sektir á þau hestamannafélög sem ekki skila starfsskýrslum á réttum tíma
- Koma fram erlendis fyrir hönd hestaíþróttarinnar í landinu
- Skipa nefndir skv. grein 1.4.3 og hafa eftirlit með störfum þeirra

Greinargerð

Það er ekkert í lögum LH um að stjórn geti gert neinar ráðstafanir gegn þeim hestamannafélögum sem ekki eru að sinna skyldum sínum sem skyldi. Einnig hefur keppnisárangur sem fengin er með ólögumætum hætti fengið að standa því stjórn hefur ekkert í höndum sem getur leiðrétt slíkt.



Þingskjal nr. 10

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á lögum LH, grein 1.4.3 Stjórnskipaðar nefndir.

Greinin er:

1.4.3 Stjórnskipaðar nefndir

Á fyrstu stjórnarfundum eftir landsþing skipar stjórnin í eftirfarandi fastanefndir, sem hver skal skipuð a.m.k. þremur mönnum (sjá nánar skipurit og reglugerðir nefnda). Hlutverk nefndanna er að vinna með stjórninni milli þinga að þeim málefnum sem hverri nefnd tilheyrir og jafnframt leyfa umsagnir fagaðila:

- Aganefnd
- Dómaranefnd
- Ferða- og samgöngunefnd
- Keppnisnefnd
- Landsliðsnefnd 8
- Æskulýðsnefnd

Aðrar nefndir ef stjórnin telur þörf á. Auk framangreindra nefnda skipar stjórn LH kjörnefnd þriggja manna eigi síðar en 2 mánuðum fyrir landsþing hverju sinni. Kjörnefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, þingnefndir og formenn þingnefnda. Kjörnefnd skal gera tillögu til stjórnar LH um skipun kjörbréfanefndar eigi síðar en 2 vikum fyrir landsþing hverju sinni. Hlutverk kjörbréfanefndar er fyrst og fremst að fylgja eftir gr. 1.2.3 í lögum LH. Stjórn LH setur nefndum starfsreglur.

Greinin verður:

1.4.3 Stjórnskipaðar nefndir

Á fyrstu stjórnarfundum eftir landsþing skipar stjórnin í eftirfarandi fastanefndir, sem hver skal skipuð a.m.k. þremur mönnum (sjá nánar skipurit og reglugerðir nefnda **sem skal vera sýnilegt á heimasíðu LH**). Hlutverk nefndanna er að vinna með stjórninni milli þinga að þeim málefnum sem hverri nefnd tilheyrir og jafnframt leyfa umsagnir fagaðila:

- Aganefnd
- Dómaranefnd
- Ferða- og samgöngunefnd
- Keppnisnefnd
- Landsliðsnefnd
- Æskulýðsnefnd



Aðrar nefndir ef stjórnin telur þörf á. Auk framangreindra nefnda skipar stjórn LH kjörnefnd þriggja manna eigi síðar en **2 mánuðum 8 vikum** fyrir landsþing hverju sinni. Kjörnefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, þingnefndir og formenn þingnefnda. Kjörnefnd skal gera tillögu til stjórnar LH um skipun kjörbréfanefndar eigi síðar en 2 vikum fyrir landsþing hverju sinni. Hlutverk kjörbréfanefndar er fyrst og fremst að fylgja eftir gr. 1.2.3 í lögum LH. Stjórn LH setur nefndum starfsreglur.

Greinargerð

Það er betra að hafa alla fresti í vikum frekar en mánuðum, skýrara og auðveldara að festa. Allar vikur eru jafn langar en mánuðirnir eru mislangir. Einnig nauðsynlegt að hafa allar upplýsingar sýnilegar á heimasíðu LH.



Þingskjal nr. 11

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á lögum LH, grein 1.5.1 Tekjur og gjöld LH.

Greinin er:

1.5.1 Tekjur og gjöld LH

Tekjur LH eru:

- Fjárframlög frá ÍSí.
- Árgjald fyrir hvern skráðan félagsmann í hestamannafélagi innan LH. Fjárhæð árgjaldsins skal ákveðin á hverju landsþingi en innheimta þess miðast við félagatal 1. janúar þess árs sem gjaldið er innheimt fyrir. Gjald dagar árgjalds skulu vera tveir, 15. maí og 15. september ár hvert. Dráttarvextir skulu reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.
- Fjárframlög opinberra aðila.
- Fjárframlög fyrirtækja, einstaklinga og stofnana.
- Aðrar tekjur.

Gjöld LH afmarkast af:

- Fjárhagsáætlun
- Samþykktum stjórnar

Greinin verður:

1.5.1 Tekjur og gjöld LH

Tekjur LH eru:

- Fjárframlög frá ÍSí.
- Árgjald fyrir hvern skráðan félagsmann í hestamannafélagi innan LH. Fjárhæð árgjaldsins skal ákveðin á hverju landsþingi en innheimta þess miðast við félagatal **1. janúar í starfsskýrslu sem hvert hestamannafélag skilar til ÍSí 15. apríl** þess árs sem gjaldið er innheimt fyrir. Gjald dagar árgjalds skulu vera tveir, 15. maí og 15. september ár hvert. Dráttarvextir skulu reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.
- Fjárframlög opinberra aðila.
- Fjárframlög fyrirtækja, einstaklinga og stofnana.
- Aðrar tekjur.

Gjöld LH afmarkast af:

- Fjárhagsáætlun
- Samþykktum stjórnar

Greinargerð

Öll hestamannafélög eiga að skila starfsskýrslu til ÍSí ár hvert og er þar gerð grein fyrir fjölda félagsmanna/iðkenda í hverju hestamannafélagi. Auðveldast er fyrir LH að innheimta árgjaldið eftir þeim skýrslum.



Þingskjal nr. 12

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar, gr. 3.1 um keppni.

Greinin er:

3.1 Um keppni

Keppni í hestaíþróttum, gæðingakeppni og kappreiðum skal fara fram skv. lögum og reglugerðum LH og ÍSÍ svo og öðrum reglugerðum sem LH hefur samþykkt. Keppnistímabilið er almanaksárið. Keppnistímabil í reglum þessum þýðir hvert byrjað keppnistímabil þar sem það á við. Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda ÍSÍ. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn er þeir hafa verið einn mánuð á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.

Greinin verður:

Keppni í hestaíþróttum, gæðingakeppni og kappreiðum skal fara fram skv. lögum og reglugerðum LH og ÍSÍ svo og öðrum reglugerðum sem LH hefur samþykkt. Keppnistímabilið er almanaksárið. Keppnistímabil í reglum þessum þýðir hvert byrjað keppnistímabil þar sem það á við. Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda ÍSÍ. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn/~~knappar~~-er þeir hafa verið **skráðir í hestamannafélag og greitt félagsgjöld** ~~-einn mánuð á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.~~

Greinargerð

Tæknin í dag er orðin þannig að hægt er að gera allt samdægurs. Er ekki komin tími til að fylgja tækninni í þessum málum og leyfa hlutum að gerast hratt eins og tíðarandin er.



Þingskjal nr. 13

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar, gr. 3.3 Félagaskipti.

Greinin er:

3.3 Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram á eftirfarandi hátt:

3.3.1 Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði, sem LH gefur út, og kallast félagaskiptaeyðublað. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi keppanda, félagi því sem gengið er úr og félagi því sem gengið er í. LH staðfestir félagaskiptin og öðlast viðkomandi keppandi þar með keppnisrétt með hinu nýja félagi í fyllingu tímans. LH er ekki heimilt að staðfesta félagaskipti fyrr en undirskrift keppanda og viðkomandi féлага liggur fyrir.

3.3.2 Heimild til undirritunar félagaskipta

Heimild til að undirrita félagaskiptaeyðublað hafa:

- Formenn félaga eða staðgenglar þeirra.
- Formaður LH eða staðgengill hans.
- Viðkomandi keppandi, eða aðili með skriflegt umboð hans.

3.3.3 Keppandi og keppni

Keppandi getur aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili. Sjá þó greinar 3.3.4. og 3.4.

3.3.4 Heimild til félagaskipta

Heimilt er að skipta um félag á tímabilinu 1. janúar til febrúarloka ár hvert. Hafi keppandi ekki tekið þátt í móti s.l. tvö keppnistímabil, gilda þessi tímamörk ekki. Keppandi sem flytur lögheimili og dvalarstað sinn milli héraða innan keppnistímabilsins og gengur í félag á nýjum dvalarstað, hefur rétt á að keppa fyrir hið nýja félag sitt, þótt hann hafi áður á sama keppnistímabili keppt fyrir annað félag í sínum fyrri heimkynnum. Félagaskipti skulu fara eftir reglum um félagaskipti.

Heimilt er að draga félagaskipti til baka, hafi keppandi ekki tekið þátt í íþróttamóti með sínu nýja félagi á keppnistímabilinu, og öðlast hann þá keppnisheimild með sínu gamla félagi strax og hann hefur



sannanlega lagt fram skriflega beiðni þar að lútandi til LH.

Óski keppandi félagaskipta skal hann greiða LH gjald, sem nemur kr. 2.500,- og greiðist við samþykki LH.

LH er óheimilt að staðfesta félagaskipti nema gjald þetta sé greitt.

Félagi er óheimilt að synja keppanda um félagaskipti, sé hann skuldlaus við félagið.

LH skal tilkynna öllum félögum um félagaskipti keppenda eigi síðar en 7 dögum eftir að LH hefur staðfest félagaskiptin.

Greinin verður:

3.3 Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram á eftirfarandi hátt:

Hvert hestamannafélag sér um að skrá inn nýja félagsmenn/iðkendur í sítt hestamannafélag. Einnig sér hvert hestamannafélag um að afskrá hvern þann félagsmann/iðkanda úr sínu hestamannafélagi.

Keppandi getur aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili. Þátttaka í ólöglegum mótum eru ekki talin með í þessu tilfelli þó svo um lokuð mót sé að ræða.

3.3.1 Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði, sem LH gefur út, og kallast félagaskiptaeyðublað. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi keppanda, félagi því sem gengið er úr og félagi því sem gengið er í. LH staðfestir félagaskiptin og öðlast viðkomandi keppandi þar með keppnisrétt með hinu nýja félagi í fyllingu tímans. LH er ekki heimilt að staðfesta félagaskipti fyrr en undirskrift keppanda og viðkomandi félaga liggur fyrir.

3.3.2 Heimild til undirritunar félagaskipta

Heimild til að undirrita félagaskiptaeyðublað hafa:

- Formenn félaga eða staðgenglar þeirra.
- Formaður LH eða staðgengill hans.
- Viðkomandi keppandi, eða aðili með skriflegt umboð hans.

3.3.3 Keppandi og keppni

Keppandi getur aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili. Sjá þó greinar 3.3.4. og 3.4.

3.3.4 Heimild til félagaskipta

Heimilt er að skipta um félag á tímabilinu 1. janúar til febrúarloka ár hvert. Hafi keppandi ekki tekið þátt í móti s.l. tvö keppnistímabil, gilda þessi tímamörk ekki. Keppandi sem flytur lögheimili og dvalarstað sinn milli héraða innan keppnistímabilsins og gengur í félag á nýjum dvalarstað, hefur rétt á að keppa fyrir hið



nýja félag sitt, þótt hann hafi áður á sama keppnistímabili keppt fyrir annað félag í sínum fyrri heimkynnum. Félagaskipti skulu fara eftir reglum um félagaskipti.
Heimilt er að draga félagaskipti til baka, hafi keppandi ekki tekið þátt í íþróttamóti með sínu nýja félagi á keppnistímabilinu, og öðlast hann þá keppnisheimild með sínu gamla félagi strax og hann hefur sannanlega lagt fram skriflega beiðni þar að lútandi til LH.
Óski keppandi félagaskipta skal hann greiða LH gjald, sem nemur kr. 2.500,— og greiðist við samþykki LH.
LH er óheimilt að staðfesta félagaskipti nema gjald þetta sé greitt.
Félagi er óheimilt að synja keppanda um félagaskipti, sé hann skuldlaus við félagið.
LH skal tilkynna öllum félögum um félagaskipti keppenda eigi síðar en 7 dögum eftir að LH hefur staðfest félagaskiptin.

Greinargerð

Þessi texti kemur í staðinn fyrir greinar 3.3.1, 3.3.2, 3.3.3, 3.3.4.

Það er tillaga um að fella þessar greinar út úr lögum LH þar sem þær fylla ekki tímans rás.



Þingskjal nr. 14

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar, gr. 3.6 Um breytingar.

Greinin er:

3.6 Um breytingar

Lagabreytingar og breytingar á reglugerðum, sem samþykktar eru á ársþingi LH, skulu berast til aðildarsambanda og formanna félaga í síðasta lagi í mars ár hvert. Þá skal stjórn LH senda með fundargerðum sínum samþykktir og reglugerðir, sem hún samþykkir milli ársþinga.

Greinin verður:

3.6 Um breytingar

Lagabreytingar og breytingar á reglugerðum, sem samþykktar eru á ársþingi LH, skulu berast til aðildarsambanda og formanna félaga í síðasta lagi í mars ár hvert. ~~Þá skal stjórn LH senda með fundargerðum sínum samþykktir og reglugerðir, sem hún samþykkir milli ársþinga.~~

Greinargerð

Stjórn hefur ekkert vald til að breyta samþykktum, lögum eða reglugerðum LH á milli landsþinga.



Þingskjal nr. 15

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að fella brott reglugerð um Íslandsmót í hestaíþróttum og í stað hennar komi ný reglugerð um Íslandsmót í hestaíþróttum sem orðast svo:

5. Reglugerð um Íslandsmót

5.1 Ákvörðun um Íslandsmótsstað og dagsetningu

Á Landsmótsári:

- Íslandsmót í hestaíþróttum fullorðinna er haldið samhliða Landsmóti.
- Íslandsmót í hestaíþróttum barna, unglunga og ungmenna er haldið sér og án gæðingakeppninnar.

Þegar ekki er Landsmótsár:

- Íslandsmót í íþróttá- og gæðingakeppni fullorðinna og ungmenna saman.
- Íslandsmót í íþróttá- og gæðingakeppni barna og unglunga saman.

Umsóknir um að halda Íslandsmót skulu berast skrifstofu LH fyrir 1. október. Keppnisnefnd LH tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn hvar Íslandsmót skuli haldið.

Ef engar umsóknir berast hefur stjórn heimild til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kys að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið.

Íslandsmót skulu ávallt vera Worldranking.

5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt í einum styrkleikaflokki og í eftirfarandi greinum. Þegar um Landsmótsár er að ræða er ekki keppt í gæðingakeppni á Íslandsmótum heldur eru krýndir sigurvegarar í gæðingakeppni á Landsmóti.

Meistaraflokkur fullorðinna:

- Íþróttakeppni
 - V1, F1, T1, T2, PP1, P1, P3, P2. Þjóða skal upp á 4 spretti í P1 og P3
- Gæðingakeppni
 - A-flokkur og B-flokkur gæðingakeppni



Ungmennaflokkur:

- Íþróttakeppni
 - V1, F1, T1, T2, PP1, P1, P3, P2
- Gæðingakeppni
 - A-flokkur og B-flokkur gæðingakeppni

Unglingaflokkur:

- Íþróttakeppni
 - V1, T1, F2, T4, PP1, P2
- Gæðingakeppni
 - Unglingaflokkur gæðingakeppni

Barnaflokkur:

- Íþróttakeppni
 - T3, T4, V2 og fimi.
- Gæðingakeppni
 - Barnaflokkur gæðingakeppni.

Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

5.3 Þátttökuréttur á Íslandsmóti

Í meistaraflokki fullorðinna gildir eftirfarandi:

- **Á Landsmótsári**
 - Þátttökurétt öðlast 20 efstu pörin í hverri keppnisgrein utan tölt T1 þar sem þátttökurétt öðlast 30 efstu pörin. Miða skal við stöðulista annan mánudag áður en mót hefst.
 - Ekki er eru riðin B-úrslit nema í T1.
 - Í A-úrslitum skulu vera 6 efstu knapar samkvæmt reglum um íþróttakeppni.
 - Þátttökurétt hafa allir 22 ára og eldri.
- **Þegar ekki er Landsmótsár:**
 - Þátttökurétt í íþróttakeppni og A- og B-flokki öðlast knapi/hestur sem náð hefur einkunnarlágmarki sem skrifstofa LH gefur út fyrir 1. febrúar ár hvert. Keppnisnefnd LH ákveður einkunnarlágmörk.

Í ungmennaflokki gildir eftirfarandi:

- Þátttökurétt í íþróttakeppni og A- og B-flokki öðlast parið sem náð hefur einkunnarlágmarki sem skrifstofa LH gefur út fyrir 1. febrúar ár hvert. Keppnisnefnd LH ákveður einkunnarlágmörk.

Keppnisárangur er gildur frá löglegum mótum, staðfestur í mótaskýrslu, og skal árangur knapa eða hests miðast við annan mánudag áður en keppni hefst á Íslandsmóti.



Þeir sem ætla að keppa um samanlagðan sigurvegara, hvort sem það er á landsmótsári eða ekki, þurfa að vera með skráðan árangur í þeim greinum sem gilda til samanlagðra greina og á stöðulista í a.m.k einni grein.

Keppnisárangur skal nást á sama ári og Íslandsmót er haldið.

Engin lágmrök gilda í barna- og unglingsflokki á Íslandsmóti.

5.4 Auglýsing Íslandsmóts

Íslandsmót í hestaíþróttum skal auglýsa fyrir 1. maí ár hvert. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu.

Skráningu skal ljúka 6 dögum áður en mót hefst.

5 dögum fyrir mót skulu allar skráningar staðfestar

3 dögum áður en mót hefst skal dagskrá og ráslistar vera birtir.

5.5 Framkvæmdanefnd Íslandsmóts

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd sama ár og mótið er haldið. LH skipar einn mann í framkvæmdanefnd og skal sá einstaklingur vera fjölmiðlafulltrúi nefndarinnar. Framkvæmdanefndin ákveður skráningagjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þátttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- *Framkvæmdastjóra*. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir mót, þannig að keppendur geti æft sig á mótssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.
- *Fjölmiðlafulltrúa*. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum og sér um að koma mótinu á framfæri við fjölmiðla, sér einnig um auglýsingaöflun og önnur mál sem tengjast því.
- *Mótsstjóra*. Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.
- *Vallarstjóra*. Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.
- *Þuli*. Þeir kynna dagskráratríði og kappkosta að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- *Fóta- og reiðtyggjaskoðunarmenn* starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð eftirfarandi aðilum:

- Yfirdómara eða meðlim dómara starfsliðs, áður tilnefndum af honum,
- Mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum,
- Meðlimi framkvæmdanefndar,
- Formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum
- Fulltrúa knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2).

5.6 Skipan dómara Íslandsmóts



Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á, eftir tillögum frá HÍDÍ og GDLH. Yfirdómari skal hafa dómaraéttindi í íþróttakeppni og gæðingakeppni eða hafa tvo yfirdómara þar sem einn er yfir íþróttakeppninni og hinn yfir gæðingakeppninni það ár sem ekki er Landsmót. Yfirdómari dæmir ekki gangtegundir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins. Sama gildir um erlenda dómara.

5.7 Ýmis ákvæði um Íslandsmót

Þegar ekki er Landsmótsár skal halda B úrslit á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna hringvallagreinum, þ.e. keppni um 6. til 10. sæti. Á Íslandsmóti barna, unglunga og ungmenna skal halda B úrslit, ef skráningar eru 20 eða fleiri.

5.8 Listi yfir lágmarkskröfur

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara eigi síðar en 6 mánuðum fyrir mót.

5.9 Gildissvið

Reglugerð þessi gildir fyrir Íslandsmót, þar sem við á. Að öðru leiti gildir reglugerð LH um íþróttamót og keppendur annars vegar og reglugerð um gæðingakeppni hins vegar.

Greinargerð:

Markmið tillögunnar er í meginatriðum eftirfarandi:

- Að gera Íslandsmóti hærra undir höfði á Landsmótsárum
- Að gera gæðingakeppni hærra undir höfði þegar ekki er Landsmót

Á Íslandsmóti í sumar sem fram fór hálfum mánuði eftir Landsmót voru nánast engir áhorfendur og mótið fékk almennt litla athygli. Það hefur einnig átt við um önnur Íslandsmót sem hafa verið haldin eftir Landsmót að þau eru illa sótt af áhorfendum. Þá gætir einnig vissrar þreytu hjá hestum og knöpum á Íslandsmóti sem oft hafa verið með hesta sína í keppni á Landsmóti.

Tillaga Keppnisnefndar mun fela í sér að á Landsmótsárum verði Íslandsmót fullorðinna í hestaíþróttum haldið samhliða Landsmóti. Stöðulisti mun gilda inn á mótið og einungis munu verða riðin A-úrslit í öllum greinum með 6 úrslitaknöpum nema í tölti T1, þar verða áfram riðin B-úrslit. Þannig mun Landsmót bjóða áhorfendum upp á besta hestakostinn í bæði íþrótt- og gæðingakeppni. Íslandsmót barna-, unglunga og ungmenna verður svo haldið saman fyrir lok júlí.

Þau ár sem ekki er landsmót hefur áhugi á gæðingakeppni verið takmarkaður sem lýsir sér í dræmri þátttöku á gæðingamótum. Þegar ekki er Landsmót er tillaga keppnisnefndar að á Íslandsmóti verði til viðbótar íþróttagreinum keppt í A- og B-flokki í gæðingakeppni. Með því að krýna Íslandsmeistara í A- og B-flokki á Íslandsmóti sköpum við stóran vettvang fyrir gæðingahestana og eflum um leið áhuga á gæðingakeppni. Það árið, þegar ekki er landsmót, keppa ungmenni með fullorðnum á sama mótinu. Það ár eru unglingar og börn saman og þar yrði einnig boðið upp á barna og unglingaflokk í gæðingakeppni.



Það er skoðun keppnisnefndar að þessi breyting verði báðum keppnisformum til framdráttar og sé íþróttinni til framfara.



Þingskjal nr. 15

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að fella brott reglugerð um Íslandsmót í hestaíþróttum og í stað hennar komi ný reglugerð um Íslandsmót í hestaíþróttum sem orðast svo:

5. Reglugerð um Íslandsmót

5.1 Ákvörðun um Íslandsmótsstað og dagsetningu

Á Landsmótsári:

- Íslandsmót í hestaíþróttum fullorðinna er haldið samhliða Landsmóti.
- Íslandsmót í hestaíþróttum barna, unglunga og ungmenna er haldið sér og án gæðingakeppninnar.

Þegar ekki er Landsmótsár:

- Íslandsmót í íþróttá- og gæðingakeppni fullorðinna og ungmenna saman.
- Íslandsmót í íþróttá- og gæðingakeppni barna og unglunga saman.

Umsóknir um að halda Íslandsmót skulu berast skrifstofu LH fyrir 1. október. Keppnisnefnd LH tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn hvar Íslandsmót skuli haldið.

Ef engar umsóknir berast hefur stjórn heimild til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kys að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið.

Íslandsmót skulu ávallt vera Worldranking.

5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt í einum styrkleikaflokki og í eftirfarandi greinum. Þegar um Landsmótsár er að ræða er ekki keppt í gæðingakeppni á Íslandsmótum heldur eru krýndir sigurvegarar í gæðingakeppni á Landsmóti.

Meistaraflokkur fullorðinna:

- Íþróttakeppni
 - V1, F1, T1, T2, PP1, P1, P3, P2. Þjóða skal upp á 4 spretti í P1 og P3
- Gæðingakeppni
 - A-flokkur og B-flokkur gæðingakeppni



Ungmennaflokkur:

- Íþróttakeppni
 - V1, F1, T1, T2, PP1, P1, P3, P2
- Gæðingakeppni
 - A-flokkur og B-flokkur gæðingakeppni

Unglingaflokkur:

- Íþróttakeppni
 - V1, T1, F2, T4, PP1, P2
- Gæðingakeppni
 - Unglingaflokkur gæðingakeppni

Barnaflokkur:

- Íþróttakeppni
 - T3, T4, V2 og fimi.
- Gæðingakeppni
 - Barnaflokkur gæðingakeppni.

Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

5.3 Þátttökuréttur á Íslandsmóti

Í meistaraflokki fullorðinna gildir eftirfarandi:

- **Á Landsmótsári**
 - Þátttökurétt öðlast 20 efstu pörin í hverri keppnisgrein utan tölt T1 þar sem þátttökurétt öðlast 30 efstu pörin. Miða skal við stöðulista annan mánudag áður en mót hefst.
 - Ekki er eru riðin B-úrslit nema í T1.
 - Í A-úrslitum skulu vera 6 efstu knapar samkvæmt reglum um íþróttakeppni.
 - Þátttökurétt hafa allir 22 ára og eldri.
- **Þegar ekki er Landsmótsár:**
 - Þátttökurétt í íþróttakeppni og A- og B-flokki öðlast knapi/hestur sem náð hefur einkunnarlágmarki sem skrifstofa LH gefur út fyrir 1. febrúar ár hvert. Keppnisnefnd LH ákveður einkunnarlágmörk.

Í ungmennaflokki gildir eftirfarandi:

- Þátttökurétt í íþróttakeppni og A- og B-flokki öðlast parið sem náð hefur einkunnarlágmarki sem skrifstofa LH gefur út fyrir 1. febrúar ár hvert. Keppnisnefnd LH ákveður einkunnarlágmörk.

Keppnisárangur er gildur frá löglegum mótum, staðfestur í mótaskýrslu, og skal árangur knapa eða hests miðast við annan mánudag áður en keppni hefst á Íslandsmóti.



Þeir sem ætla að keppa um samanlagðan sigurvegara, hvort sem það er á landsmótsári eða ekki, þurfa að vera með skráðan árangur í þeim greinum sem gilda til samanlagðra greina og á stöðulista í a.m.k einni grein.

Keppnisárangur skal nást á sama ári og Íslandsmót er haldið.

Engin lágmrök gilda í barna- og unglingsflokki á Íslandsmóti.

5.4 Auglýsing Íslandsmóts

Íslandsmót í hestaíþróttum skal auglýsa fyrir 1. maí ár hvert. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu.

Skráningu skal ljúka 6 dögum áður en mót hefst.

5 dögum fyrir mót skulu allar skráningar staðfestar

3 dögum áður en mót hefst skal dagskrá og ráslistar vera birtir.

5.5 Framkvæmdanefnd Íslandsmóts

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd sama ár og mótið er haldið. LH skipar einn mann í framkvæmdanefnd og skal sá einstaklingur vera fjölmiðlafulltrúi nefndarinnar. Framkvæmdanefndin ákveður skráningagjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þátttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- *Framkvæmdastjóra*. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir mót, þannig að keppendur geti æft sig á mótssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.
- *Fjölmiðlafulltrúa*. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum og sér um að koma mótinu á framfæri við fjölmiðla, sér einnig um auglýsingaöflun og önnur mál sem tengjast því.
- *Mótsstjóra*. Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.
- *Vallarstjóra*. Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.
- *Þuli*. Þeir kynna dagskráratríði og kappkosta að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- *Fóta- og reiðtyggjaskoðunarmenn* starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð eftirfarandi aðilum:

- Yfirdómara eða meðlim dómara starfsliðs, áður tilnefndum af honum,
- Mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum,
- Meðlimi framkvæmdanefndar,
- Formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum
- Fulltrúa knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2).

5.6 Skipan dómara Íslandsmóts



Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á, eftir tillögum frá HÍDÍ og GDLH. Yfirdómari skal hafa dómaraéttindi í íþróttakeppni og gæðingakeppni eða hafa tvo yfirdómara þar sem einn er yfir íþróttakeppninni og hinn yfir gæðingakeppninni það ár sem ekki er Landsmót. Yfirdómari dæmir ekki gangtegundir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins. Sama gildir um erlenda dómara.

5.7 Ýmis ákvæði um Íslandsmót

Þegar ekki er Landsmótsár skal halda B úrslit á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna hringvallagreinum, þ.e. keppni um 6. til 10. sæti. Á Íslandsmóti barna, unglunga og ungmenna skal halda B úrslit, ef skráningar eru 20 eða fleiri.

5.8 Listi yfir lágmarkskröfur

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara eigi síðar en 6 mánuðum fyrir mót.

5.9 Gildissvið

Reglugerð þessi gildir fyrir Íslandsmót, þar sem við á. Að öðru leiti gildir reglugerð LH um íþróttamót og keppendur annars vegar og reglugerð um gæðingakeppni hins vegar.

Greinargerð:

Markmið tillögunnar er í meginatriðum eftirfarandi:

- Að gera Íslandsmóti hærra undir höfði á Landsmótsárum
- Að gera gæðingakeppni hærra undir höfði þegar ekki er Landsmót

Á Íslandsmóti í sumar sem fram fór hálfum mánuði eftir Landsmót voru nánast engir áhorfendur og mótið fékk almennt litla athygli. Það hefur einnig átt við um önnur Íslandsmót sem hafa verið haldin eftir Landsmót að þau eru illa sótt af áhorfendum. Þá gætir einnig vissrar þreytu hjá hestum og knöpum á Íslandsmóti sem oft hafa verið með hesta sína í keppni á Landsmóti.

Tillaga Keppnisnefndar mun fela í sér að á Landsmótsárum verði Íslandsmót fullorðinna í hestaíþróttum haldið samhliða Landsmóti. Stöðulisti mun gilda inn á mótið og einungis munu verða riðin A-úrslit í öllum greinum með 6 úrslitaknöpum nema í tölti T1, þar verða áfram riðin B-úrslit. Þannig mun Landsmót bjóða áhorfendum upp á besta hestakostinn í bæði íþrótt- og gæðingakeppni. Íslandsmót barna-, unglunga og ungmenna verður svo haldið saman fyrir lok júlí.

Þau ár sem ekki er landsmót hefur áhugi á gæðingakeppni verið takmarkaður sem lýsir sér í dræmri þátttöku á gæðingamótum. Þegar ekki er Landsmót er tillaga keppnisnefndar að á Íslandsmóti verði til viðbótar íþróttagreinum keppt í A- og B-flokki í gæðingakeppni. Með því að krýna Íslandsmeistara í A- og B-flokki á Íslandsmóti sköpum við stóran vettvang fyrir gæðingahestana og eflum um leið áhuga á gæðingakeppni. Það árið, þegar ekki er landsmót, keppa ungmenni með fullorðnum á sama mótinu. Það ár eru unglingar og börn saman og þar yrði einnig boðið upp á barna og unglingaflokk í gæðingakeppni.



Það er skoðun keppnisnefndar að þessi breyting verði báðum keppnisformum til framdráttar og sé íþróttinni til framfara.



Þingskjal nr. 17

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir breytingu á reglugerð um undirbúning og framkvæmd Landsmóta.

Fyrirsögn reglugerðar orðist svo:

Reglur um undirbúning og framkvæmd Lands- og fjórðungsmóta.

I

Gr. 6.1 orðist svo:

6.1 Ákvörðun um Lands- og fjórðungsmót

Landsmót hestamanna skulu haldin annað hvert ár. Stjórn LH velur og ákveður landsmótsstað hverju sinni að höfðu samráði við rekstraraðila. Skal ákvörðun um mótsstað liggja fyrir a.m.k. fimm árum fyrir það mót sem um ræðir. Samningar skulu vera frágengnir og undirritaðir minnst þremur árum áður. Ef samningar nást ekki skal staðarval endurskoðað. Við staðarval skal stjórn LH hafa til hliðsjónar fjárhagslega hagkvæmni svo og yfirsýn á félagslegt réttlæti. Samhliða staðarákvörðun skal liggja fyrir samningur um eftirgjald (leigu) fyrir mótssvæðið.

Fjórðungsmót, ef haldin, fara fram þau ár sem ekki er landsmót. Staðarval er í höndum félaganna sem eiga aðild að mótinu.

Gr. 6.3 orðist svo:

6.3 Tímasetning Lands- og fjórðungsmóta.

Tímasetning landsmóta skal ákveðin af stjórn LH og BÍ í samráði við rekstraraðila mótsins. Stefnt skal að því að landsmót fari fram fyrstu viku júlímánaðar.

Tímasetningar fjórðungsmóta skulu ákveðnar af félögunum sem eiga aðild að mótinu. Stefnt skal að því að fjórðungsmót fari fram aðra vikuna í júlí.

Gr. 6.4 orðist svo:

6.4 Keppnisgreinar Lands- og fjórðungsmóta.

Á Lands- og fjórðungsmótum skal m.a. fara fram keppni úrvals gæðinga í öllum flokkum svo og keppni úrvalstöltara. Þá skal fara fram sýning úrvals kynbótahrossa og kappreiðar. Í keppni og sýningum skal farið eftir reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Gr. 6.5 orðist svo:

6.5 Val hrossa og keppenda á Lands- og fjórðungsmót

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga- og ungmennakeppni á lands- og fjórðungsmótum skal fara fram hjá félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna-



unglinga- og ungmennakeppni. Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á lands- og fjórðungsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur. Séu hestar jafnir gildir árangur úr hinni umferðinni. Fáist ekki niðurstaða þannig, skal kastað upp á það.

Félögum er heimilt að halda sameiginlegar úrtökur. Úrtökur skula auglýstar með minnst tveggja vikna fyrirvara, sjá 2.8.1. ekki er heimilt að skrá hross í úrtöku fyrir Lands- og fjórðungsmót hjá öðru félagi en eigandi viðkomandi hross er skráður í, nema um sameiginlega úrtöku sé að ræða. Það sama á við um keppendur í barna, unglunga og ungmennaflokki, þau mega ekki skrá sig í úrtöku hjá öðru félagi en þeirra eigin.

Haldi félag ekki úrtöku sjálfst en félagar þess hafa áhuga á að komast á Lands- eða fjórðungsmót verður stjórn félagsins að setja sig í samband við eitt ákveðið hestamannafélag og auglýsa úrtöku með því félagi.

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í öllum flokkum í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félagum, þátttökurétt á Landsmóti. Við lok skráningarfrests á Landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.

Greinargerð:

Svo virðist sem dottið hafi út úr reglugerð 6 texti um fjórðungsmót. Keppnisnefnd leggur því til að inn í reglugerð 6 verði aftur bætt við texti um fjórðungsmót þar sem við á.



Þingskjal nr. 18

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir breytingu á reglugerð um undirbúning og framkvæmd Landsmóta.

Breytingartillaga við grein 6.5 Val hross og keppenda á Landsmót

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga- og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni. Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur. ~~Séu hestar jafnir gildir árangur úr hinni umferðinni. Fáist ekki niðurstaða þannig, skal kastað upp á það.~~ Sé hærri einkunn keppenda, tveggja eða fleiri, jöfn, skal litið til einkunnar úr hinni umferðinni. Skiptir þar ekki máli hvort það er fyrri eða seinni umferð. Séu keppendur enn jafnir, skal varpað hlutkesti um sætið. Séu keppendur jafnir og annar hestur einungis með árangur úr einni umferð en hinn úr báðum skal einnig varpa hlutkesti.

Greinargerð:

Í úrtökum hestamannafélaga fyrir Landsmót 2022 kom upp sú staða að tveir keppendur voru jafnir með einkunn eftir fyrri og seinni umferð. Var ákvörðun mótsstjóra kærð til Landssambandsins sem sendi Keppnisnefnd erindið til umfjöllunar. Niðurstaða Keppnisnefndar var sú að mótsstjóri hafi farið rétt með túlkun á lögum LH.

Tillaga Keppnisnefndar er því einungis að skerpa orðalag greinarinnar sem snýr að vali keppenda á Landsmót.



Þingskjal nr. 19

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir breytingu á reglugerð um undirbúning og framkvæmd Landsmóta.

Breytingartillaga við grein 6.5 Val hross og keppenda á Landsmót

Eftirfarandi texta er bætt við reglu 6.5.

Páttökurétt á landsmóti hafa félagsmenn sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga við starfsskýrsluskil þann 15. apríl ár hvert.

Greinargerð:

Keppnisnefnd leggur til að bætt verði við reglu 6.5 að páttökurétt hafa þeir félagsmenn sem skráðir eru í félagatal síns félags við starfsskýrsluskil þann 15. apríl ár hvert. Er það til að fyrirbyggja að félagsmenn séu að flakka á milli félaga þegar nálgast úrtökur.



Þingskjal nr. 20

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir breytingu á reglugerð um undirbúning og framkvæmd Landsmóta.

Breytingartillaga við grein 6.5 Val hross og keppenda á Landsmót

Eftirfarandi texta er bætt við reglu 6.5.

Haldi hestamannafélög tvær umferðir þarf sama dómargengi að dæma báðar umferðir. Ekki mega líða meira en tveir dagar á milli umferða. Til að hestur í A- eða B-flokki eða parið í yngri flokkum geti tekið þátt í seinni umferð þarf hestur/parið að mæta í fyrri umferð. Seinni umferðin er valfrjál.

Greinargerð:

Keppnisnefnd telur mikilvægt að hafa skýrar reglur varðandi það ef félög bjóða upp á tvær umferðir. Reglan sem hér er lögð til snýr að því að gæta jafnræðis milli keppenda sem taka einungis þátt í einni umferð og þeirra sem taka þátt í báðum umferðunum. Sama dómargengi skal dæma umferðirnar og ekki mega líða meira en tveir daga á milli umferða.



Þingskjal nr. 21

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um undirbúning og framkvæmd Landsmóta, gr. 6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót.

Eins og reglan er

6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga- og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni. Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. Reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur. Séu hestar jafnir gildir árangur úr hinni umferðinni. Fáist ekki niðurstaða þannig, skal kastað upp á það.

Félögum er heimilt að halda sameiginlegar úrtökur. Úrtökur skula auglýstar með minnst tveggja vikna fyrirvara, sjá 2.8.1. ekki er heimilt tað skrá hross í úrtöku fyrir Landsmót hjá öðru félagi en eigandi viðkomandi hross er skráður í, nema um sameiginlega úrtöku sé að ræða. Það sama á við um keppendur í barna, unglinga og ungmennaflokki, þau mega ekki skrá sig í úrtöku hjá öðru félagi en þeirra eigin.

Haldi félag ekki úrtöku sjálft en félagar þess hafa áhuga á að komast á Landsmót verður stjórn félagsins að setja sig í samband við eitt ákveðið hestamannafélag og auglýsa úrtöku með því félagi.

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í öllum flokkum í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félögum, þátttökurétt á Landsmóti. Við lok skráningarfrests á Landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.

Eins og reglan verður

6.5 Val hrossa og keppenda á **Lands- og Fjórðungsmót**

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga- og ungmennakeppni á **Lands- og Fjórðungsmótum** skal fara fram hjá félögum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni. Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa



tvær umferðir og gildir þá betri árangur. Séu hestar jafnir gildir árangur úr hinni umferðinni. Fáist ekki niðurstaða þannig, skal kastað upp á það.

Félögum er heimilt að halda sameiginlegar úrtökur. Úrtökur skula auglýstar með minnst tveggja vikna fyrirvara, sjá 2.8.1. ekki er heimilt tað skrá hross í úrtöku fyrir Landsmót hjá öðru félagi en eigandi viðkomandi hross er skráður í, nema um sameiginlega úrtöku sé að ræða. Það sama á við um keppendur í barna, unglinga og ungmennaflokki, þau mega ekki skrá sig í úrtöku hjá öðru félagi en þeirra eigin.

Haldi félag ekki úrtöku sjálfst en félagar þess hafa áhuga á að komast á Landsmót verður stjórn félagsins að setja sig í samband við eitt ákveðið hestamannafélag og auglýsa úrtöku með því félagi.

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í öllum flokkum í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félugum, þátttökurétt á Landsmóti. Við lok skráningarfrests á Landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.

Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar.



Þingskjal nr. 22

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um undirbúning og framkvæmd Landsmóta, gr. 6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót.

Greinin er:

Grein 6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga- og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni. Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð.

Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur. Séu hestar jafnir **skulu báðir hestar fá sæti á Landsmót fyrir sitt félag gildir árangur úr hinni umferðinni. Fáist ekki niðurstaða þannig, skal kastað upp á það.**

Félögum er heimilt að halda sameiginlegar úrtökur. Úrtökur skula auglýstar með minnst tveggja vikna fyrirvara, sjá 2.8.1. ekki er heimilt tað skrá hross í úrtöku fyrir Landsmót hjá öðru félagi en eigandi viðkomandi hross er skráður í, nema um sameiginlega úrtöku sé að ræða. Það sama á við um kependur í barna, unglinga og ungmennaflokki, þau mega ekki skrá sig í úrtöku hjá öðru félagi en þeirra eigin.

Haldi félag ekki úrtöku sjálft en félagar þess hafa áhuga á að komast á Landsmót verður stjórn félagsins að setja sig í samband við eitt ákveðið hestamannafélag og auglýsa úrtöku með því félagi.

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í öllum flokkum í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félögum, þátttökurétt á Landsmóti.,

Við lok skráningarfrests á Landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.

Greinin verður:

6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga- og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni. Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í



úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð.

Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur. Séu hestar jafnir **skulu báðir hestar fá sæti á Landsmót fyrir sitt félag gildir árangur úr hinni umferðinni. Fáist ekki niðurstaða þannig, skal kastað upp á það.**

Ef hestamannafélög er með tvær umferðir þarf sama dómaraengi að dæma báðar umferðir. Einnig má ekki líða meira en einn dagur milli umferða. Til að knapi geti tekið þátt í seinni umferð þarf hann að mæta í fyrri umferð. En seinni umferðin er valfrjál.

Fyrir þá sem vinna sér keppnisrétt fyrir sitt eigið hestamannafélag.

Til að vera löggiltur félagsmaður í sínu hestamannafélagi á landsmótsári þarf að vera skráður í félagatal starfsskýrslu hvers hestamannafélags. Hafi einskaklingur aldrei verið í hestamannafélagi er hægt að fá undanþágu.

Félögum er heimilt að halda sameiginlegar úrtökur. Úrtökur skula auglýstar með minnst tveggja vikna fyrirvara, sjá 2.8.1. ekki er heimilt tað skrá hross í úrtöku fyrir Landsmót hjá öðru félagi en eigandi viðkomandi hross er skráður í, nema um sameiginlega úrtöku sé að ræða. Það sama á við um kependur í barna, unglinga og ungmennaflokki, þau mega ekki skrá sig í úrtöku hjá öðru félagi en þeirra eigin.

Haldi félag ekki úrtöku sjálfst en félagar þess hafa áhuga á að komast á Landsmót verður stjórn félagsins að setja sig í samband við eitt ákveðið hestamannafélag og auglýsa úrtöku með því félagi.

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í öllum flokkum í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félagum, þátttökurétt á Landsmóti.,

Árangur á stöðulista gildir úr öllum úrtökumótum og á opnum gæðingamótum. Einungis keppnisárangur á landsmótsári gildir inn á stöðulista þess árs.

Við lok skráningarfrefts á Landsmót **skal landsmótshaldari, með aðstoð keppnisnefndar LH ef þarf, fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.**

Greinargerð

Varðandi jafnir inná landsmót finnst okkur ekki rétt að hlutkesti ráði því hver fær að fara og hver ekki. Þetta eru örfáir fleiri hestar sem kæmust með þessum hætti, sennilega 2 hestar 2022.

Varðandi tvöfalda umferð er ekki hægt að það séu mismunandi dómara sem dæma sitthvora umferðina eins og hefur verið í dag. Dómarar eru ávallt með örlítið mismundi sýn á hlutina og það getur skipt máli hvernig tölur raðast. Einnig verða vallaraðstæður að vera þær sömu.

Varðandi stöðulistan þá hjálpar þetta fjölmörgum knöpum mikil ferðalög og hjálpar einnig mótshöldurum að halda úrtökur. Svo er það hvers og eins knapa/eiganda hvort þeir vilji taka áhættuna á því að komast bara inná stöðulista. Einnig getur þetta aukið þátttöku hjá einhverjum vegna þess að ef



menn komast ekki inn hjá sínu hestamannafélagi og er í baráttu um stöðulista sæti gæti sá hinn sami rennt sér í gegnum fleiri mót til að hækka einkunn og tryggja sér sæti inná stöðulistan.



Þingskjal nr. 23

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um gæðingakeppni, gr. 7.2.3 og 7.2.5 um dómsatriði í gæðingakeppni.

A. *Tillaga við gr. 7.2.3*

Reglan er

7.2.3 Hægt tölt

Sýna skal hægt tölt samfelld eina langhlið 300m keppnisvallarins til að hljóta meðaleinkunn eða hærra.

Reglan verður

7.2.3 Hægt tölt

Sýna skal hægt tölt samfelld eina langhlið ~~300m~~ keppnisvallarins til að hljóta meðaleinkunn eða hærra.

A. *Tillaga við gr. 7.2.5*

Reglan er

7.2.5 Stökk

Stökk skal sýna minnst heila langhlið 300m hringvallar til að fá meðaleinkunn eða hærra. Hesturinn skal stökkva af snerpu og mýkt í góðu jafnvægi með hreinum takti, svífa vel. Taka stökkið mjúklega og hæga stökkferðina án stífni og átaka

Reglan verður

7.2.5 Stökk

Stökk skal sýna minnst heila langhlið ~~300m~~ hringvallar til að fá meðaleinkunn eða hærra. Hesturinn skal stökkva af snerpu og mýkt í góðu jafnvægi með hreinum takti, svífa vel. Taka stökkið mjúklega og hæga stökkferðina án stífni og átaka.

Greinargerð

300m dettur út þar sem leyfilegt er að keppa á 250m velli

Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna.



Þingskjal nr. 24

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um gæðingakeppni, gr. 7.4.1 Dómarar og dómnefnd

Eins og reglan er

7.4.1 Dómarar og dómnefnd

Dómarar við gæðingakeppni skulu hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðingadómarar.

Gæðinga- og unglingadómarar LH skiptast í tvo flokka: a) Félagsdómara b) Landsdómara Félagsdómarar hafa rétt til að dæma í innanfélagskeppni. Landsdómarar hafa rétt til að dæma á öllum mótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess. Landsdómarar hafa einnig réttindi til að stjórna gæðingakeppni.

Dómarar á lands- og fjórðungsmótum eru skipaðir af dómaranefnd LH.

Á innanfélagsmótum og minni mótum er heimilt að einungis þrjú dómarar dæmi.

Kynnir og stjórnandi þarf ekki að vera dómari, en hann kynnir og stjórnar í samráði við og á ábyrgð dómara. Stjórnir hestamannafélaga sækja um dómara á þessi mót til LH í síðasta lagi fjórum vikum fyrir mót.

Eins og reglan verður

7.4.1 Dómarar og dómnefnd

Dómarar við gæðingakeppni skulu hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðingadómarar.

Gæðinga- og unglingadómarar LH skiptast í tvo flokka: a) Félagsdómara b) Landsdómara Félagsdómarar hafa rétt til að dæma **á innanfélags- og smærri mótum**. Landsdómarar hafa rétt til að dæma á öllum mótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess. Landsdómarar hafa einnig réttindi til að stjórna gæðingakeppni.

Dómarar á lands- og fjórðungsmótum eru skipaðir af dómaranefnd LH.

Á innanfélagsmótum og minni mótum er heimilt að einungis þrjú dómarar dæmi **en til að mót teljist löglegt þá þurfa þrjú eða fimm dómarar að vera við dómstörf**.

Kynnir og stjórnandi þarf ekki að vera dómari, en hann kynnir og stjórnar í samráði við og á ábyrgð dómara. Stjórnir hestamannafélaga sækja um dómara á þessi mót til LH í síðasta lagi fjórum vikum fyrir mót.



Greinargerð:

Þetta er gert til að taka af allan vafa um að félagsdómari megi bara dæma á lokuðum félagsmótum þar sem að þróunin er æ meiri í þá átt að opna Gæðingamótin meir og meir.

Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd gerir eftirfarandi breytingartillögu:

Dómarar við gæðingakeppni skulu hafa lokið dómaraþrófi og hlotið viðurkenningu stjórnar **GDLH** sem gæðingadómarar.

Gæðinga- og unglíngadómarar LH skiptast í tvo flokka: a) **Héraðsdómara** -Félagsdómara-b)-Landsdómara.

~~Félagsdómarar hafa rétt til að dæma í innanfélagskeppni. Landsdómarar hafa rétt til að dæma á öllum mótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess. Landsdómarar hafa einnig réttindi til að stjórna gæðingakeppni.~~

Dómarar á lands- og fjórðungsmótum eru skipaðir af dómaranefnd LH.

Á innanfélagsmótum og minni mótum er heimilt að einungis þrjú dómarar dæmi **en til að mót teljist lögleg þurfa þrjú eða fimm dómarar að vera við dómstörf.**

Kynnir og stjórnandi þarf ekki að vera dómari, en hann kynnir og stjórnar í samráði við og á ábyrgð dómara. Stjórnir hestamannafélaga sækja um dómara á þessi mót til LH í síðasta lagi fjórum vikum fyrir mót.



Þingskjal nr. 25

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um gæðingakeppni, gr. 7.4.4 Vallarstærð.

Eins og reglan er

7.4.4 Vallarstærð

Gæðingakeppni skal fara fram á 300 m hringvelli með samliggjandi beinni skeiðbraut a.m.k. 175 m langri. Þó er heimilt að keppa á hringvöllum allt niður í 250 m að stærð með a.m.k. 4 m breiðri braut.

Leyfilegir vellir eru:

- Þ-laga vellir, með samliggjandi beinni braut
- A-laga vellir, með samliggjandi beinni braut
- Sérafmarkaðir hringvellir með aðliggjandi beinni braut. Vellina skal afmarka með girðingum eins og þurfa þykir. Á landsmóti skal keppt á 300 m hringvelli.

Eins og reglan verður

7.4.4 Vallarstærð

Gæðingakeppni skal fara fram á 300 m hringvelli með samliggjandi beinni skeiðbraut a.m.k. 175 m langri. Þó er heimilt að keppa á hringvöllum allt niður í 250 m að stærð með a.m.k. 4 m breiðri braut.

Leyfilegir vellir eru:

- Þ-laga vellir, með samliggjandi beinni braut
- ~~A-laga vellir, með samliggjandi beinni braut~~
- Sérafmarkaðir hringvellir með aðliggjandi beinni braut. Vellina skal afmarka með girðingum eins og þurfa þykir. Á landsmóti skal keppt á 300 m hringvelli.

Greinargerð:

Þrátt fyrir að hafa leitað víða hvað A völlum er þá hef ég ekki fengið skýringar á því en líklegsta skýringi er að þetta verið þýtt úr FEIF regluverkinu sem A Track og farið inn sem • A-laga vellir, með samliggjandi beinni braut

Umsögn keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd leggur til að tillögunni verði vísað frá.



Þingskjal nr. 26

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um gæðingakeppni, gr. 7.5.2.1 A-flokkur gæðinga og 7.8.1.2 A-flokkur gæðinga sérstök forkeppni

A. Tillaga við gr. 7.5.2.1

Reglan er

7.5.2.1 A-flokkur gæðinga

Hestur sem tekur þátt í A-flokki gæðinga getur ekki tekið þátt í öðrum A-flokki gæðinga, né neinum Beða C-flokki gæðinga á sama móti2 .

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut sbr. ákvæði 7.4.3.

Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

Alhliða hestar (A-Flokkur)

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Fetgangur	5-10	1
2.	Brokk	5-10	1
3.	Tölt	5-10	2
4.	Stökk	5-10	1
5.	Skeið	5-10	2
6.	Vilji	5-10	2
7.	Fegurð í reið	5-10	2



Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 11. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 33 séu 3 dómarar að dæma en 55 séu fimm dómarar að dæma.

Reglar verður

7.5.2.1 A-flokkur gæðinga

Hestur sem tekur þátt í A-flokki gæðinga getur ekki tekið þátt í öðrum A-flokki gæðinga, né neinum Beða C-flokki gæðinga á sama móti2 .

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut sbr. ákvæði 7.4.3.

Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

Alhliða hestar (A-Flokkur)

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Fetgangur	5-10	1
2.	Brokk	5-10	1
3.	Tölt	5-10	1
4.	Stökk	5-10	1
5.	Skeið	5-10	2
6.	Vilji	5-10	2
7.	Fegurð í reið	5-10	2

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 10. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 30 séu 3 dómarar að dæma en 50 séu fimm dómarar að dæma.

Greinargerð:

Það er verið með þessari breytingu verið að taka úr tvöföldun á tölteinkunn það er gert til að auka vægi á skeiði og verði til að keppendur leggi meiri áherslu á skeið í keppninni þar sem að tölur sína að skeið sé á undanhaldi .



Umsögn keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd leggst gegn tillögu um að lækka vægi á tölti.

B. Tillaga við gr. 7.8.1.2

Regla fyrir A flokk í sérstakri forkeppni ein og hún er

7.8.1.2 A-Flokkur gæðinga

Þrír til fimm hestar inni á hringvellingum í einu.

- Tveir hringir tölt x 2
- Tveir hringir brokk frjáls hraði
- Ein umferð skeið, einn og einn í einu x 2
- Vilji x 2
- Fegurð í reið x 2
- Deilitala fyrir dómara er 9

Regla fyrir A flokk í sérstakri forkeppni ein og hún verður

7.8.1.2 A-Flokkur gæðinga

Þrír til fimm hestar inni á hringvellingum í einu.

- Tveir hringir tölt
- Tveir hringir brokk frjáls hraði
- Ein umferð skeið, einn og einn í einu x 2
- Vilji x 2 Fegurð í reið x 2
- Deilitala fyrir dómara er **8**

Greinargerð:

Þetta er í samræmi við reglu 7.5.2.1.

Umsögn keppnisnefndar LH:

Keppnisnefnd leggst gegn tillögu um að lækka vægi á tölti.



Þingskjal nr. 27

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um gæðingakeppni, gr. 7.6.2 Framkvæmd úrslitakeppni.

Reglan er:

7.6.2 Framkvæmd úrslitakeppni

Hestunum er riðið samtímis, með ákveðnu millibili, í dómhring.

Stjórnandi segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur nema í skeiði í A-flokki.

Í A og B flokki er gefin einkunn á milli gangtegunda fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir fegurð í reið og vilja, hvort fyrir sig.

Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinileg númer á báðum hliðum, t.d. á stígvélum.

Reglan verður

7.6.2 Framkvæmd úrslitakeppni

Hestunum er riðið samtímis, með ákveðnu millibili, í dómhring.

Stjórnandi segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur nema í skeiði í A-flokki.

Stjórnandi skal gæta þess að þegar er skift um hönd á brokki í Unglingaflokki Ungmennaflokki A- og B-flokki skal gefa mínútu hvíld og tveggja mínútu hvíld þegar skift er um hönd á yfirferðargangi eða frjálsuferðina í A flokki.]

Í A og B flokki er gefin einkunn á milli gangtegunda fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir fegurð í reið og vilja, hvort fyrir sig.

Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinileg númer á báðum hliðum, t.d. á stígvélum.

Umsögn keppnisnefnar LH

Keppnisnefnd leggur til að ný mgr. orðist svo:

Stjórnandi skal gæta þess að þegar skipt er um hönd á brokki í unglíngaflokki, A- og B-flokki ungmenna og A- og B-flokki fullorðinna skal gefa einnar mínútu hvíld. Þegar skipt er um hönd á yfirferðargangi skal gefa tveggja mínútna hvíld.



Þingskjal nr. 28

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um gæðingakeppni, gr. 7.7.2 Keppnishesturinn í yngri flokkum.

Reglan er

7.7.2 Keppnishesturinn í yngri flokkum

Keppandi í barna- unglinga- og ungmennaflokki má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur.

Hver keppandi má skrá til leiks fleiri en einn hest. Komi barn, unglingur eða ungmenni fleiri en einum hesti í úrslit verður hann að velja hvaða hesti hann ríður í úrslitum. Hann skal svo tilkynna sínu félagi hvaða hest hann hyggst fara með á Landsmót áður en skráningarfresti á viðkomandi Lands-, fjórðungs- eða stórmót lýkur, óháð því hvað hesti hann ríður í úrslitum. Keppandi í yngri flokki á Landsmóti getur ekki jafnframt verið varaknapi með annan hest í sínum flokki.

Sá hestur, sem keppandi í barna- unglinga- eða ungmennaflokki mætir með í keppni, verður að vera í eigu aðalfélaga sama félags og keppandinn er í.

Forfallist skráður hestur keppanda á lands-, fjórðungs- eða stórmóti, kemur varakeppandi og hestur hans í stað þess forfallaða.

Reglan verður

7.7.2 Keppnishesturinn í yngri flokkum

Keppandi í barna- unglinga- og ungmennaflokki má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum í **úrtökum og eða Lands- og Fjórðungsmótum**, nema hann sýni hann sjálfur.

Hver keppandi má skrá til leiks fleiri en einn hest. Komi barn, unglingur eða ungmenni fleiri en einum hesti í úrslit verður hann að velja hvaða hesti hann ríður í úrslitum. Hann skal svo tilkynna sínu félagi hvaða hest hann hyggst fara með á Landsmót áður en skráningarfresti á viðkomandi Lands-, fjórðungs- eða stórmót lýkur, óháð því hvað hesti hann ríður í úrslitum. Keppandi í yngri flokki á Landsmóti getur ekki jafnframt verið varaknapi með annan hest í sínum flokki.

Sá hestur, sem keppandi í barna- unglinga- eða ungmennaflokki mætir með í keppni, verður að vera í eigu aðalfélaga sama félags og keppandinn er í.

Forfallist skráður hestur keppanda á lands-, fjórðungs- eða stórmóti, kemur varakeppandi og hestur hans í stað þess forfallaða.

Greinargerð



Þetta er gert til að samræma reglu frá FEIF þar sem leyft er að tveir geti keppt á sama hesti á sama móti með þeim fyrirvara að hestur má ekki fara oftari í braut en fjórum sinnum ef hann er 6 vetra eða eldri.

Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd telur regluna skýra eins og hún er.



Þingskjal nr. 29

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um gæðingakeppni, gr. 7.7.6.1 Úrslitakeppni – barnaflokkur.

Reglan er

7.7.6.1 Úrslitakeppni – barnaflokkur

Tölt og/eða brokk skal sýna minnst tvo hringi til hvorrar handar. Sýni barn bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð. Stökk skal sýna tvo spretti, einn í einu, með hraðamun og mjúkri niðurhægingu. Keppendur safnist saman á skammhlið og komi sér saman um, í samráði við stjórnanda, í hvora áttina ríða skal.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og ásetu.

Reglan verður

7.7.6.1 Úrslitakeppni – barnaflokkur

Tölt og/eða brokk skal sýna minnst tvo hringi til hvorrar handar. Sýni barn bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð. Stökk skal sýna tvo spretti, einn í einu, með hraðamun og mjúkri niðurhægingu. Keppendur safnist saman á skammhlið og komi sér saman um, í samráði við stjórnanda, í hvora áttina ríða skal.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og ~~í lokin~~ fyrir stjórnun og ásetu.

Greinargerð

Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna.



Þingskjal nr. 30

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um gæðingakeppni, gr. 7.8.1 Sérstök forkeppni.

Greinin er:

7.8.1 Sérstök forkeppni

Forkeppni fer þannig fram í öllum flokkum að þrír til fimm hestar eru í dómi á hringvellinum í einu. Áður en forkeppni hefst skal minnst 3 til 4 hestum, utan keppni, riðið fyrir dóm, til samræmingar fyrir dómara. Að forkeppni lokinni skulu að lágmarki 30 efstu hestar halda áfram í milliriðil. Þó aldrei fleiri en helmingur heildarþátttakenda. Dregið skal um röð keppenda.

Úrslitakeppnin skal fara fram a.m.k. degi síðar en forkeppnin og milliriðillinn.

Framkvæmdanefnd dregur um um röð keppenda.

Knapi skráir upp á hvora hönd hann vill ríða sérstaka forkeppni.

Hestmannafélgöin taki það fram í sínum skráningum á Landsmót upp á hvora hönd hver knapi vill ríða.

Komi varahestur inn skal hann sýna upp á sömu hönd og sá sem hann kemur í staðinn fyrir

Áður en skráning telst endanleg skal hún birt á netmiðlum til yfirlestrar og geta knapar þá komið að leiðréttingum, hafi þeir skráðst á ranga hönd. Eftir að þeim fresti lýkur er ekki untnt að skipta um hönd.

Greinin verður:

7.8.1 Sérstök forkeppni

Forkeppni fer þannig fram í öllum flokkum að þrír til fimm hestar eru í dómi á hringvellinum í einu. **Til að hljóta fullnaðar einkunn skal sýna að að lágmarki tvær langhliðar á hverri gangtegund sem beðið er um, fyrir utan skeið.**

Áður en forkeppni hefst skal minnst 3 til 4 hestum, utan keppni, riðið fyrir dóm, til samræmingar fyrir dómara.

Að forkeppni lokinni skulu að lágmarki 30 efstu hestar halda áfram í milliriðil. Þó aldrei fleiri en helmingur heildarþátttakenda. Dregið skal um röð keppenda.

Úrslitakeppnin skal fara fram a.m.k. degi síðar en forkeppnin og milliriðillinn.

Framkvæmdanefnd dregur um um röð keppenda.

Knapi skráir upp á hvora hönd hann vill ríða sérstaka forkeppni.

Hestmannafélgöin taki það fram í sínum skráningum á Landsmót upp á hvora hönd hver knapi vill ríða.

Komi varahestur inn skal hann sýna upp á sömu hönd og sá sem hann kemur í staðinn fyrir

Áður en skráning telst endanleg skal hún birt á netmiðlum til yfirlestrar og geta knapar þá komið að leiðréttingum, hafi þeir skráðst á ranga hönd. Eftir að þeim fresti lýkur er ekki untnt að skipta um hönd.

Umsögn keppnisnefnar LH

- Keppnisnefnd hefur þá skoðun að sú setning sem lagt er til að bætt verði við 1. mgr. eigi frekar heima í leiðara um gæðingakeppni.



- Keppnisnefnd gerir einnig þá tillögu að 3. mgr. orðist svo: „**Eskilegt er að** áður en forkeppni hefst skal minnst 3 til 4 hestum, utan keppni, riðið fyrir dóm, til samræmingar fyrir dómara.“



Þingskjal nr. 31

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um gæðingakeppni, gr. 7.8.1 Sérstök forkeppni.

A. Sérstök forkeppni B flokkur

Reglan er:

7.8.1.1 B flokkur

Þrjár til fimm hestar inni á hringvellingum í einu.

- Tveir hringir hægt tölt
- Tveir hringir brokk frjáls hraði
- Tveir hringir greitt tölt á langhliðum
- Vilji x 2
- Fegurð í reið x 2
- Deilitala fyrir dómara er 7

Reglan verður :

7.8.1.1 B flokkur

Þrjár til fimm hestar inni á hringvellingum í einu.

- **Allt að tveir** hringir hægt tölt
- **Allt að tveir** hringir brokk frjáls hraði Allt að tveir
- **Allt að tveir** hringir greitt tölt á langhliðum
- Vilji x 2
- Fegurð í reið x 2
- Deilitala fyrir dómara er 7

B. Sérstök fokeppni – A flokkur

Reglan er:

7.8.1.2 A-Flokkur gæðinga

Þrjár til fimm hestar inni á hringvellingum í einu.

- Tveir hringir tölt x 2
- Tveir hringir brokk frjáls hraði
- Ein umferð skeið, einn og einn í einu x 2
- Vilji x 2
- Fegurð í reið x 2
- Deilitala fyrir dómara er 8

Reglan verður:

7.8.1.2 A-Flokkur gæðinga

Þrjár til fimm hestar inni á hringvellingum í einu.



- **Allt að tveir** hringir tölt x 1
- **Allt að tveir** hringir brokk frjáls hraði
- Ein umferð skeið, einn og einn í einu x 2
- Vilji x 2
- Fegurð í reið x 2
- Deilitala fyrir dómara er 8

C. sérstök forkeppni barnaflokkur

Reglan er:

7.8.1.3 Barnaflokkur

- Þrjú til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu
- Tveir hringir brokk og/eða tölt
- Stjórnun og áseta x 112
- Tvær umferðir stökk, betri ferð gildir til einkunnar
- Stjórnun og áseta x 113
- Deilitala fyrir dómara er 4

Reglan Verður:

7.8.1.3 Barnaflokkur

- Þrjú til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu
- **Allt að tveir** hringir brokk og/eða tölt
- Stjórnun og áseta x 112
- Tvær umferðir stökk, betri ferð gildir til einkunnar
- Stjórnun og áseta x 113
- Deilitala fyrir dómara er 4

D. sérstök forkeppni unglíngaflokkur

Reglan er:

7.8.1.4 Unglíngaflokkur

- Þrjú til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu
- Tveir hringir hægt tölt
- Tveir hringir brokk frjáls hraði
- Tvær umferðir yfirferðargangur á langhliðum, annað hvort tölt eða brokk
- Stjórnun og áseta
- Deilitala fyrir dómara er 4

Reglan verður:

7.8.1.4 Unglíngaflokkur

- Þrjú til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu
- **Allt að tveir** hringir hægt tölt
- **Allt að tveir** hringir brokk frjáls hraði
- **Allt að tveim umferðum** yfirferðargangur á langhliðum, annað hvort tölt eða brokk



- Stjórnun og áseta
- Deilitala fyrir dómara er 4

E. Sérstök forkeppni ungmennaflokkur

Reglan er:

7.8.1.5 Ungmennaflokkur

- Þrír til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu
- Tveir hringir hægt tölt
- Tveir hringir brokk, frjáls hraði
- Tveir hringir greitt tölt á langhliðum
- Fegurð í reið
- Vilji • Deilitala fyrir dómara er 5

Reglan verður:

7.8.1.5 Ungmennaflokkur

- Þrír til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu
- **Allt að tveir** hringir hægt tölt
- **Allt að tveir** hringir brokk, frjáls hraði
- **Allt að tveir** hringir greitt tölt á langhliðum
- Fegurð í reið
- Vilji • Deilitala fyrir dómara er 5

Umsögn keppnisnefnar LH

Keppnisnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna.



Þingskjal nr. 32

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um gæðingakeppni, gr. 7.9.3.1 Úrslitakeppni – gæðingatölt – barnaflokkur og gr. 7.9.3.2 Úrslitakeppni – gæðingatölt – unglingsflokkur

A. Tillaga við gr. 7.9.3.1

Reglan er

7.9.3.1 Úrslitakeppni – gæðingatölt – barnaflokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tölt með frjálstri ferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þegar skipt er um hönd á tölti með frjálstri ferð skal gert hlé í eina mínútu. Í hléi skula knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirsmæla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirsmæla frá stjórnanda. Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og ásetu. Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

Reglan verður

7.9.3.1 Úrslitakeppni – gæðingatölt – barnaflokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tölt með frjálstri ferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þegar skipt er um hönd á tölti með frjálstri ferð skal gert hlé í eina mínútu. Í hléi skula knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirsmæla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirsmæla frá stjórnanda. Eftir **hvert atriði** er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og fyrir stjórnun og ásetu **fyrir hvert atriði**. Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

B. Tillaga við gr. 7.9.3.2

Reglan er

7.9.3.2 Úrslitakeppni – gæðingatölt – unglingsflokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tölt með frjálstri ferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.



- Þegar skipt er um hönd á tölti með frjálstri ferð skal gert hlé í eina mínútu. Í hléi skula knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirsmæla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirsmæla frá stjórnanda. Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og ásetu. Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

Reglan verður

7.9.3.2 Úrslitakeppni – gæðingatölt – unglingsflokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tölt með frjálstri ferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þegar skipt er um hönd á tölti með frjálstri ferð skal gert hlé í eina mínútu. Í hléi skula knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirsmæla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirsmæla frá stjórnanda. Eftir **hvert atriði** er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og fyrir stjórnun og ásetu **fyrir hvert atriði**. Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

Greinargerð

Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna.



Pingskjal nr. 33

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á gr. 8.16, Viðauki 8, Bannlisti.

Reglan er :

Íslensk sérregla: Skáreim er leyfð á Íslandi i gæðingakeppni og íþróttamótum sem að ekki eru World Ranking.

Reglan verður:

Skáreim er bönnuð í gæðingakeppni.

Greinargerð:

GDLH telur að rétt sé að fylgja reglum Feif um skáreim.

Umsögn keppnisnefnar LH

Keppnisnefnd leggur til að málsgreinin „Skáreim er leyfð á Íslandi i gæðingakeppni og íþróttamótum sem að ekki eru World Ranking“ falli brott. Ekki er nauðsynlegt að tilgreina sérstaklega að skáreim sé bönnuð, enda á bannlista FEIF um búnað.



Þingskjal nr. 34

Flytjandi Járningamannafélag Íslands
Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á gr. 8.16, Viðauki 8, Bannlisti.

Stjórn Járningamannafélagsins leggur til að leyfðar verði skeifur með tábeygju og botnar með tungustuðningi.

3d Botn

Á vetrarmánuðum kom inn á markað 3d botn sem er sérstaklega ætlaður hestum með lága hælstöðu. Botn sem kemur í nokkrum útfærslum en er í grunninn eins. Botnar þessir eru einstaklega hestvænir og geta breytt fótstöðu hestsins til hins betra á nokkrum mánuðum. Þá er einstaklega gott að nota slíka botna ef hófar eru sprungnir eða lélegir þar sem hluti af þunga hestsins er borin á botninum en ekki á hófveggjum einum saman.

Botnarnir eru um 2mm þykkir en á þeim er þykking yfir hóftungu (tungubiti) sem er um 7mm þykk og falla þessir botnar því ekki undir núverandi reglur.

Okkur þykir nauðsin að leifa slíka botna þar sem að þetta hjálpar hestum og eikur hanns vellíðan og þægindi. Ekki er um að ræða neina auka þyngd eða aukna þykkt undir skeifu og rammast þetta því að öllu leiti inni reglum nema að tungubitinn er þykkari en reglur leifa.

Equilibrium Air

Flestir skefna framleiðendur framleiða skeifur með tá begju. Skeifur þessar auka á vellíðan hesta og minka álag á sínar og liði. Flestar þessar skeifur eru breiðari í tanna, 24mm þar sem búið er að fletja tanna út, til að mynda rúninginn fyrir tá begjuna. En aftur á móti eru þær mjórri í hælina eða um 18mm. Þessar skeifu eru því bannaðar miðað við núverandi reglur þar sem þær eru of breiðar. Nöfn sem framleiðendur velja á skeifur sem þessar eru til að mynda, Special, Comfort og Equilibrium Air. Öll þessi nöfn gefa til kynna að þær auka vellíðan og léttleika. Allar þessar skeifur eru 8mm að þykkt og eru léttari en venjulegar 8mm skeifur sem leyfðar eru í keppni.

Okkur þykir ástæða til að leifa slíkar skeifur í keppni enda eru þær einstaklega hestvænar og að mörgu leiti betri en hin almenna skeifa.

Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd telur að erindi Járningarmannafélags Íslands skuli vísa til FEIF sem fer með þessi mál.



Þingskjal nr. 35

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að að LH taki að sér Áhugamannamót Íslands og úthuti því í samræmi við Íslandsmót. Einnig að eftirfarandi reglur verði settar inn í lög og reglur LH

Reglur LH fyrir Áhugamannamót Íslands.

1.gr Ákvörðun um mótsstað og dagsetningu.

Stjórn LH ákveður hvar Áhugamannamót Íslands skuli haldið hverju sinni. Umsókn um mótið skal berast til skrifstofu LH fyrir 1. október á árinu fyrir mót. Keppnisnefnd LH tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn LH hvar Áhugamannamót Íslands skuli haldið hverju sinni. Ef engar umsóknir berast hefur stjórn LH vald til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn LH kýs að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Áhugamannamót Íslands fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið.

Dagsetning Áhugamannamót Íslands skal vera þriðja helgin í júlí ár hvert.

2.gr Keppnisgreinar

Á Áhugamannamóti Íslands skal keppt í einum styrkleikaflokki (opinn 1.flokkur).

Keppnisgreinar eru

Íþróttakeppni:

- Tölt T3
- Tölt T4
- Tölt T7
- Fimmgangur F2
- Fjörgangur V2
- Fjörgangur V5
- Gæðingaskeið PP1
- 100m skeið

Gæðingakeppni

- B-flokkur
- A-flokkur

3.gr Þátttökuréttur

Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki í íþróttakeppni á síðastliðnum 5 árum.



4.gr Auglýsing og skráningar

Áhugamannamót Íslands skal auglýsa fyrir 1.maí ár hvert. Það aðildarfélag sem heldur Áhugamannamót Íslands hverju sinni skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu.

5.gr Framkvæmdanefnd og yfirdómnefnd

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd sama ár og mótið er haldið. LH skipar einn mann í framkvæmdanefnd og skal sá einstaklingur vera fjölmiðlafulltrúi nefndarinnar. Framkvæmdanefndin ákveður skráningagjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þátttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- Framkvæmdastjóra. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir mót, þannig að keppendur geti æft sig á mótssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.
- Fjölmiðlafulltrúa. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum og sér um að koma mótinu á framfæri við fjölmiðla, sér einnig um styrktaraðilar mótsins séu sýnilegir í auglýsingum og önnur mál sem tengjast því. Mótshaldari skal tilnefna einn tengilið sem starfar með fjölmiðlafulltrúa.
- Mótsstjóra. Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.
- Vallarstjóra. Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.
- Puli. Þeir kynna dagskráratriði og kappkosta að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð 5 einstaklingum

- yfirdómara eða meðlim dómara starfsliðs, áður tilnefndum af honum
- mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum
- meðlimi framkvæmdanefndar
- formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum
- fulltrúi knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2).

6.gr Skipun dómara

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á, Fyrir Íþróttakeppni eftir tillögum frá HÍDÍ og fyrir gæðingkeppni eftir tillögum frá GDLH. Yfirdómari dæmir ekki gangteygur inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins.

7.gr Skilyrði sem skal uppfylla



LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Áhugamannamót Íslands hverju sinni. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara sem þurfa að uppfylla þau atriði sem eru á listanum áður en skrifað er undir samning um Áhugamannamót Íslands.

Greinargerð

Áhugamannamót Íslands hefur verið stærsti viðburður sem eingöngu er ætlaður þeim hluta keppenda sem ekki keppa í meistaraflokki í hestaíþróttum eða gæðingakeppni. Mjög mikilvægur hópur sem þarf að hlúa að. Áhugamannamót Íslands var fyrst haldið af hestamannafélaginu Geysir sem hélt mótið í mörg ár. Síðasliðin tvö ár hefur hestamannafélagið Dreyri haldið það á sínu félagssvæði. Mótið hefur fundið sinn stað í keppnishaldi á Íslandi og tími til komin að úthlutun og reglur verði staðsett hjá LH. Það auka úrvalið á keppnisgreinum á íslenska hestinum.



Þingskjal nr. 36

Flytjandi Gæðingadómarafélag LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir tillögu að jöfnunarsjóði vegna ferða- og gistikostnaðar dómara.

Tillagan orðast svo:

Af hverri skráningu keppanda af öllum skráningum á mótum í Sportfeng verði tekin x upphæð og lögð í sjóð sem að félög geta sótt í eftir að keppnistímabili lýkur. Félagin leggja fram þann kostnað vegna aksturs og gistingu sem að þau hafa greitt vegna dómara á mótum og fá greitt úr þessum sjóði eftir því hlutfalli sem að reglur sjóðsins segja til um.

Greinargerð

Engar reglur eru til sjáanlegar um þann sjóð sem að starfræktur er og var settur á haustið 2021 og ekki er að sjá neinar reglur um úthlutun til félaga úr honum.

Sjóðurinn komi til með að greiða fasta upphæð pr.dómara til mótshaldara og ekki horft til þess hvort rekstur mótsins hafi skilað hagnaði eða tapi.

Tillagan er lögð fram til þess að létta undir með félögum við mótahald og ekki síst til þess að gæta jafnræðis við úthlutun dómara óháð búsetu. Mikilvægt er að sjóðurinn sé sjálfbær rekstrarlega með skráningargjöldum keppenda.



Þingskjal nr. 37

Flytjandi Hestamannafélagið Hörður

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að fela LH að taka árlega saman tölulegar upplýsingar sem nýtist aðildarfélögunum og samtökunum sjálfum við greiningu á árlegri starfssemi hestamannafélaga.

Greinargerð

Þetta væru upplýsingar um iðkendur og þátttöku þeirra í hvers konar félagsstarfi, námskeiðum, keppni og svo framvegis. Upplýsingarnar væru greindar eftir aldri og kynjum eins og hægt er samkvæmt Sportabler eða öðrum kerfum sem notuð eru til skráningar. Eins myndi LH taka saman í samráði við RML tölur um hrossaræktendur innan félaganna, hversu hátt hlutfall stundar hrossarækt og kynbótastarf. Niðurstöður úr þessum greiningum myndu gera starfið í hestamannafélögunum markvissara og hjálpa við að bæta þjónustu við félagsmenn og sýna hvar þungi félagsstarfsins ætti að liggja.



Þingskjal nr. 38

Flytjandi Hestamannafélagið Hörður

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að að stofnaður verði starfshópur innan LH um nýliðun í hestamennsku.

Greinargerð

Fyrir síðasta landsþing 2020 var mikið rætt um áherslur í vinnu við nýliðun í hestamennsku. Staðan á þeirri vinnu virðist nokkuð óljós og engin sérstök verkefni virðast vera í gangi innan samtakanna eða nefndarstörf þar sem unnið er sérstaklega að nýliðun. Ekki eingöngu þarf að leggja áherslu á nýliðun meðal barna og ungmenna heldur einnig fullorðinna. Þörf er fyrir sérstakt átak við nýliðun, hestamannafélögin hafa mjög mörg aukið nýliðun meðan barna og unglinga í gegnum félagshesthús en eldri hópar frekar orðið útundan. Best færi á að LH stýrði slíku verkefni og vinnu við greiningu á stöðunni.



Þingskjal nr. 39

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að LH taki Parafimi inn sem keppnisgrein og þar með verði farið með Parafimi eins og aðrar keppnisgreinar sem eru í lögum og reglum LH.

Reglur Parafiminnar má finna á þessari vefslóð:

<https://www.rangarhollin.is/sudurlandsdeildin/parafimi-reglur/>

Greinargerð

Parafimi er keppnisgrein sem keppt hefur verið í Suðurlandsdeildinni í 6 ár. Nú þegar ný grein gæðingafimi verður vonandi samþykkt inn í lög og reglur LH passar að hafa Parafimi með í þeim fjölmörgu keppnisgreinum og keppnisformum sem er innan LH. Með þessari skemmtilegu keppnisgrein vill Geysir hjálpa til við að auka úrvalið á keppnisgreinum á íslenska hestinum.



Þingskjal nr. 40

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að töliverðu fjármagni verði notað í Sportfeng til að Sportfengur uppfærður og komið í þann búning sem hann þarf að vera til að sinna sínu hlutverki í keppnishaldi í íslenskum hestaíþróttum og gæðingakeppni. Einnig að stjórn og tölvunefnd setji inná heimasíðu LH hvaða verkferill er viðhafður ef einhver er með ábendingar um lagfæringu eða hvað má betur fara í Sportfeng. Einnig ef einhver fær góða hugmynd um framþróun á Sportfeng og hvernig er unnið úr þessum ábendingum og hugmyndum.

Greinargerð

Sportfengur er frábært verkfæri en er ekki að fylgja þeirri þróun sem þarf til að uppfylla þær þarfir sem keppnishaldið á Íslandi þarf nú til dags. Hestamannafélög eru að borga háar fjárhæðir til LH fyrir notkun á Sportfeng en samt eru margir nokunarmöguleikar í Sportfeng enþá með miklum göllum. Má þar nefna niðurstöður úr skeiðkappreiðum.



Þingskjal nr. 41

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4 -5. nóvember 2022 samþykkir að LH og dómarafélögin HÍDÍ og GDLH fari í viðræður og komi með tillögur á næsta landsþing um hvernig tengin skal vera milli þessara aðila. Einnig hvernig þessir aðilar geti stutt við bakið á hver öðrum í þeim málefnum sem koma upp hverju sinni.

Greinargerð

Ekkert er í lögum LH um tengingu milli þessara aðila. Dómaranefnd er eitt sem þessir aðilar geta gert sameiginlega verklýsingu. Dómaranefnd gæti líka komið að útgáfu reglana um jöfnuarsjóð ferðakostnaðar og uppihalds dómara. Laun dómara þyrfti að taka með í þessa umræðu. Siðareglur varðandi hvað dómara eru að lenda í á mótum og eftir mót. Einnig þyrfti að taka inni þessa dómaranefnd einstaklinga frá hestamannafélögunum sem fulltrúa mótshaldara. Skyldur mótshaldarar og dómara á mótum og þeirra ábyrgð til að efla ímynd hestamennskunnar.



Þingskjal nr. 42

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að reglur um gæðingafimi verði hluti af keppnisreglum LH.

Reglugerðin orðist svo:

Gæðingafimi LH

Skilgreiningar / fylgiskjöl / leiðarar



Pingskjal nr. 43

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að árgjald frá aðildarfélögum LH til sambandsins verði kr. 2.100,- á hvern gjaldskyldan félag, en félagar á aldrinum 18-69 ára greiða árgjald til LH.

Greinargerð

Árgjöld landssambandsins eru stór hluti af heildartekjum sambandsins á hverju ári og hugsuð til að standa undir stórum hluta af reglulegum rekstri sambandsins.

LH leggur áherslu á að þjóna aðildarfélögum sínum á sem víðtækastan hátt og stefnir áfram á að auka þjónustu og starfsemi sína við aðildarfélögin og hestasamfélagið í heild sinni.

Meðal helstu áherslumála verður hér eftir sem hingað til:

- Öflug áframhaldandi uppbygging og viðhald í reiðvegumálum og eflingu Kortasjárinnar.
- Aukin áhersla í æskulýðs- og nýliðunarmálum, með auknu skipulagi og stuðningi við aðildarfélögin og kynningu á hestaíþróttinni, á landsvísu.
- Áframhaldandi samstarf á alþjóðavísu fyrir börn og ungmenni, í samstarfi við FEIF, s.s. Youth Cup, Youth Camp og leiðtoganámskeið.
- Metnaðarfullt afreksstarf með A-landsliði, U21 landsliði og hæfileikamótun fyrir börn og unglunga, sem hefur verið í mótun undanfarið og stefnt er að því að bæta enn frekar.
- Halda úti öflugri fræðslu- og menntastarfi fyrir hestamenn, með þjálfarastig ÍSÍ og leiðtoganámskeið FEIF sem grunn til frekari uppbyggingar fræðslu- og menntamála. Auk þess að standa fyrir málþingum um keppnismál o.fl. í samstarfi við önnur félög.
- Viðhald og áframhaldandi uppbygging á SportFeng og LH Kappa, bæði til notkunar hérlendis og erlendis, að ógleymdum WorldFeng sem félagsmenn hafa nú dýrmætan aðgang að í gegnum sína félagsaðild.
- Félagatal aðildarfélaga hefur verið fært úr Felix-kerfinu með samningi LH við Sportabler. Öll aðildarfélög hafa fengið aðgang að Sportabler-kerfinu með félagatal sitt og möguleika á utanumhaldi um námskeiðahald félaganna.
- Standa fyrir kynningar-, ásýndar, og markaðsmálum hestamenskunnar með það fyrir augum að bæta ásýnd hestamenskunnar og laða fleiri iðkendur að greininni. Undanfarin ár og misseri hefur sambandið fjárfest árlega í kynningarmálum, bæði í gegn um samstarfssamning við Horses



of Iceland sem og með öðrum beinum hætti. Er það mat stjórnar að ákall sé um að gert verði enn betur í þessum efnum og að stjórn hverju sinni verði falið að ákveða með hvaða hætti markaðsfé sambandsins sé best varið.

- Nýliðunar og æskulýðsmál er eitt það mikilvægasta sem hvert sérsamband þarf að huga að, til að viðhalda og efla framgang íþróttarinnar. Átak í elfingu nýliðunar og æskulýðsmála krefst fjárfestingar. Þó að vissulega séu möguleikar á að leita fjármagns víðar til að setja í þennan málaflokk, t.d. hjá hinu opinbera þá er ljóst að fjárhagur LH þarf að vera nægjanlega sterkur til að geta stutt við verkefnið.
- Stjórn LH telur sig greina mikinn vilja hjá aðildarfélögunum til að setja aukinn þunga í dómaramál sambandsins með það fyrir augum að bæta dómgæslu og starf dómara enn frekar við það sem nú er.
- Öryggis- og tryggingamál eru hestamönnum mikilvæg og eitt af mikilvægum hlutverkum sambandsins að halda utan um og bæta eins og hægt er hverju sinni.



Pingskjal nr. 44

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að heimila stjórn sambandsins hverju sinni að ákvarða launakjör formanns LH. Laun formanns skulu taka mið af og vera hlutfall af launum framkvæmdastjóra. Skal vinnuframlag og áætluð vinnuskylda á hverjum tíma höfð til hliðsjónar þegar ákvörðun er tekin um launagreiðslur formanns. Formaður og framkvæmdastjóri leggja fyrir stjórn tillögu að starfshlutfalli og skal formaður víkja fundi þegar ákvörðun er tekin. Stjórn ákvarðar launakjör formanns árlega, þegar uppfærð fjárhagsáætlun næsta árs liggur fyrir.

Greinargerð

Starf formanns LH er viðamikið og krefst mikillar vinnu sem felst meðal annars í fundarsetum, ferðalögum innanlands og erlendis, auk þess að vera talsmaður og koma fram fyrir hönd sambandsins. Auk þess að vera formaður stjórnar LH og vera helsti ábyrgðaraðili fyrir störfum og stefnu sambandsins situr formaður jafnan í fjölda nefnda, ráða og átakshópa, jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi Íslandshestamennskunnar. Fer vinna formanns fram bæði innan og utan dagvinnutíma.

Það er eðlilegt þegar um svo stórt sérsamband er að ræða, eins og LH er, að til komi launagreiðslur fyrir störf í þágu sambandsins, upp að ákveðnu marki. Með þeim hætti getur formaður tekið virkari þátt í störfum sambandsins og lagt meira af mörkum.



Þingskjal nr. x

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að stjórn LH efni til opinna samkeppni um nafn á nýja keppnisgrein í regluverki LH á þskj. 42.

Greinargerð

Þskj. 42 er reglugerð um nýja keppnisgrein sem hefur verið kölluð „gæðingafimi“. Lagt er til að efnt verði til opinna nafnasamkeppni á samfélagsmiðlum LH. Stjórn verði falið framkvæmd samkeppninnar.

Þingskjal nr. x

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, skorar á stjórnvöld að stíga fast til jarðar í málum tengdum aðbúnaði og meðferð dýra á Íslandi og grípa til aðgerða strax og mál koma upp þar sem velferð dýra er ógnað.

Greinargerð

Dýravelferð og góður aðbúnaður dýra á Íslandi er í algjörum forgangi hjá Landssambandi hestamannafélaga, og það ætíð litið mjög alvarlegum augum þegar upp koma mál tengd dýravelferð á Íslandi og annarsstaðar.

Landsþing beinir því áskorun til allra þeirra aðila, stofnana og yfirvalda sem koma að málum þessum að samræma verklag, gera verkferla skýra og beita öllum þeim úrræðum sem til eru til þess að stöðva alla meðferð hesta og annarra dýra sem ekki samræmist gildandi lögum og reglum og gera meðferðatíma mála þeirra eins stuttann og kostur er þegar velferð dýranna er ógnað á einhvern hátt.



Þingskjal nr. x
Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að stjórn LH efni til opinnar samkeppni um nafn á nýja keppnisgrein í regluverki LH á þskj. 42.

Greinargerð

Þskj. 42 er reglugerð um nýja keppnisgrein sem hefur verið kölluð „gæðingafimi“. Lagt er til að efnt verði til opinnar nafnasamkeppni á samfélagsmiðlum LH. Stjórn verði falið framkvæmd samkeppninnar.